

ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS DALABYGGÐAR

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 20003
VERKHLUTI: V001
HÖFUNDUR: EBK, EJ
DREIFING: Dalabyggð

DAGS.: 2022-02-08
NR.: 2

Umsagnir og athugasemdir við kynningu vinnslutillögu

1 Kynning

Skipulags- og matslýsing vegna endurskoðunar aðalskipulags Dalabyggðar var kynnt með auglýsingu 10. mars síðastliðinn með athugasemdafresti til 15. apríl 2020 og jafnframt var sett glærukynning á vef Dalabyggðar ásamt hugmynda- og ábendingavef.

Opinn íbúafundur var haldinn á facebook þann 26. október 2021. Í kjölfar fundarins var haldinn vinnustofa í Dalabúð þann 10. nóvember 2021 þar sem íbúum og hagsmunaaðilum gafst færi á að koma með ábendingar og tillögur inn í skipulagsgerðina. Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 11. nóvember að kynna vinnslutillögu að Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032. Í framhaldinu voru drög að vinnslutillögu/gögn frá vinnustofu kynnt á heimasíðu Dalabyggðar og jafnframt óskað eftir ábendingum og tillögum fyrir 25. nóvember. Vinnslutillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Dalabyggðar var kynnt 17. desember 2021 með athugasemdafresti til 18. janúar 2022. Vinnslutillagan var einnig send umsagnaraðilum og Skipulagsstofnun til yfirferðar.

2 Yfirlit yfir umsagnir og ábendingar

Alls bárust 18 umsagnir og ábendingar eftir kynningu vinnslutillögunnar:

Nafn	Aðili	Dags.	Athugasemdir
Björn Sverrisson	Rarik	28.des.2021	Ábendingar um dreifikerfi og stefnu um uppbyggingu.
NN	Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar	10.jan.2022	Engar athugasemdir.
Rakel Guðmundsdóttir	Hafrannsóknastofnun	11.jan.2022	Ábendingar um veiðinytjar, lífríki og efnistöku.
Jón Egill Jóhannsson	Skerðingsstaðir	13.jan.2022	Athugasemd við hverfisvernd Krosshólaborg og ábendingar um einstök atriði.
Magnús A. Sigurðsson	Minjastofnun	14.jan.2022	Ábendingar um fornleifaskráningar.
Karl Alvarsson	Isavia	17.jan.2022	Engar athugasemdir.
Einar S. Einarsson	Landsnet	17.jan.2022	Ábendingar um háspennulínur.
Auður Önnu Magnúsdóttir	Landvernd	17.jan.2022	Athugasemdir við stefnu skipulagsins varðandi vindorku og ósamræmi við aðra stefnu skipulagsins.



Árni Snorrason	Veðurstofan	17.jan.2022	Ábendingar varðandi veðurfar, loftslagsmál og náttúruvá.
Sigurður Friðgeir Friðriksson	Vegagerðin	17.jan.2022	Ábendingar varðandi vegakerfið.
Arnór Björnsson o.fl.	Hagsmunir.is	17.jan.2022	Athugasemdir við skipulagsbreytingar vegna vindorkuvera að Hróðnýjarstöðum og á Sólheimum.
Bergþóra Jónsdóttir	Hrútsstaðir	17.jan.2022	Athugasemdir við orðalag um skógrækt.
Ívar Pálsson - Landslög	Skorarvík	18.jan.2022	Ósk um samráð og kynningu vegna göngu- og reiðleiða.
Erla Friðriksdóttir	Breiðafjarðarnefnd	18.jan.2022	Ábending um skort á umfjöllun um verndarsvæði Breiðafjarðar.
Davíð Arnar Stefánsson	Landgræðslan	18.jan.2022	Engar athugasemdir.
Lovísa Ásbjörnsdóttir	Náttúrfræðistofnun Íslands	19.jan.2022	Ábendingar varðandi náttúru, lífríki, vindorku, frístundabyggð, skógrækt, efnistöku og hverfisvernd.
Guðrún Lára Sveinsdóttir	Skipulagsstofnun	21.jan.2022	Ábendingar um frístundabyggð, flokkun landbúnaðarlands, vindorka, skógrækt, verslun og þjónustu, efnistöku, íbúðarbyggð, þéttbýli, íþróttasvæði og vegi í náttúru Íslands ásamt ábendingar varðandi greinargerð og uppdrátt.
Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Umhverfistofnun	24.jan.2022	Ábendingar varðandi efnistöku, fráveitu, frístundabyggð, náttúrulaug, náttúruvernd, víðerni, skógrækt, takmarkanir, úrgang, vindorku og vegi í náttúru Íslands.

Mikill hluti athugasemda fjallaði um þætti sem vísa inn í mótnun tillögu að aðalskipulagi og viðfangsefnum í aðalskipulagsgerðinni. Í nokkrum tilfellum snerta athugasemdir breytingar á aðalskipulagi sem nú er í vinnslu um fyrirhuguð vindorkuver í landi Sólheima og Hróðnýjarstaða í Dalabyggð.

3 Helstu atriði framkominna athugasemda

Taflan hér að neðan sýnir yfirlit yfir ofangreindar athugasemdir og ábendingar. Þær hafa verið flokkaðar eftir efni og gerðar eru tillögur að viðbrögðum og hvernig hægt er að nýta þær við gerð tillögu að nýju aðalskipulagi.

Athugasemd/ ábending frá	Athugasemd /ábending varðar	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
Atvinnumál		
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Í leiðarljósi á að búa til frjóan jarðveg fyrir fjölbreytt atvinnulíf og ferðaþjónustu. Landvernd væntir að hér hafi misritast því ekki er vitað til annars en að ferðaþjónusta sé skilgreind með atvinnulífinu og hefur skilað hvað mestum tekjum í þjóðarbúið hingað til. Aftur á móti hefur það verið mælt á erlendum vettvangi að vindorkuver og ferðaþjónusta fara alls ekki saman enda hafa ferðaþjónustusvæði verið gjaldfelld stórlega á þeim svæðum sem vindorkuver hafa verið reist sbr. í Noregi ² .	Tekið er undir ábendinguna og greinargerðin uppfærð í samræmi við það. Sannarlega er ferðaþjónusta hluti af atvinnulífinu. Í aðalskipulagstillögunni er lögð sérstök áhersla á ferðaþjónustu en einnig á fleiri greinar eins og nýsköpun, menntun og skapandi samfélag.
Efnistaka		
Hafrannsóknastofnun Rakel Guðmundsdóttir	Í Aðalskipulagstillögunum er ekkert fjallað um efnisnámur, en oft er leitað í farvegi straumvatna til efnistöku vegna ýmis konar framkvæmda. Almennt er hér bent á að slíkar námur verði ekki staðsettar í eða svo nærri vatnsföllum að þær geti haft neikvæð áhrif á lífríki þeirra og þar með veiðinytjar. Mörg dæmi eru um það hér á landi að efnisnám hafi raskað lífríki vatnsfalla. Almennt veldur endurtekið efnisnám skaða á botni og lífríki. Mikilvægt er að marka stefnu í þessum efnium í Aðalskipulagi til lengri tíma. Benda má á að efnisnám í eða við veiðivötn/ám er háð leyfi Fiskistofu.	Stefnu breytt í samræmi við ábendingu. Upplýsingum um leyfi bætt inn í umfjöllun.
Náttúrfræðistofnun Íslands Lovísa Ásbjörnsdóttir	Yfir 40 efnisnámur eru tilgreindar í aðalskipulaginu og eru námurnar nánast allar á vegum Vegagerðarinnar. Aðallega eru þetta setnámur en sveitarfélagið hefur að geyma margar merkar jarðminjar frá lokum Ísaldar. Væri þörf á að vernda setmyndanir í Dalabyggð frá þessu tímabili jarðsögunnar. Í kafla um jarðveg kemur fram að í Dölum er mesta magn af hvarfleiur sem vitað er um hérlandis og finnst leirinn víða í dalbotnum og sjávarbökkum. Þá er nokkuð um setnám í árfarvegum þar sem gæta þarf að lífríki í ám og rofhættu vegna efnistöku. Í aðalskipulaginu þarf að gera grein fyrir nýjum efnistökusvæðum undir kafla 17.7 og taka þarf út þær námur sem hefur verið gengið frá og lokað.	Til skoðunar, ýtarlegri upplýsingar um námur vantar.
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Í tillögunni þarf að setja skipulagsákvæði fyrir hvert og eitt efnistökusvæði m.a efnistökmagn og flatarmál svæðanna. Sé efnistöku lokið á einhverjum svæðanna, sbr. það sem fram kemur í kafla 17.7, þarf að skoða hvort fella eigi þau svæði út úr tillögunni enda verði ekki gert ráð fyrir frekari efnistöku á þeim á skipulagstímabilinu	Til skoðunar, ýtarlegri upplýsingar um námur vantar.
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Heimiluð er minniháttar efnistaka til eigin nota upp á 100 m ³ án framkvæmdaleyfis eða afmörkunar efnistökusvæðis í aðalskipulagi. Að mati Skipulagsstofnunar gæti verið tilefni til að auka það efnismagn, mögulega upp í 1.000 m ³ .	Stefnu breytt í samræmi við ábendingu.



Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Í greinargerð (bls. 77) segir að landeiganda sé heimilt að taka efni til eigin nota án þess að fá framkvæmdaleyfi eða að náma sé skilgreind í aðalskipulagi. Landeigandi hefur þó ekki leyfi til að taka efni sem er á verndarsvæðum. Í 13. gr. skipulagslaga 123/2010 um framkvæmdaleyfi segir: „Þó er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.“ Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að skilgreina hvað átt er við með orðalaginu, til eigin nota, hver skilningur sveitarstjórnar sé með orðalaginu minniháttar efnistaka og hvernig sú efnistaka sé flokkuð og hvernig sveitarfélagið hyggst framfylgja stefnunni, þá sérstaklega varðandi efnistöku á verndarsvæðum.	Uppfært í samræmi við ábendingu Skipulagsstofnunar um umfang minniháttar efnistöku.
Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Í greinargerð í kafla 17.7. á bls. 122 eru listaðar upp í töflu þau efnistökusvæði sem eru í inni á skipulagi. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að umfang, stærð svæðanna og magn efnistöku séu í tölfunni.	Til skoðunar, ýtarlegri upplýsingar um námur vantar.
Fornleifaskráning		
Minjastofnun Magnús A. Sigurðsson	Minjastofnun Íslands birti 2019 reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda (Nr. 620/2019). Nálágast má reglurnar á heimasíðu stofnunarinnar. 3. gr. reglnanna, sem fjallar um skráningu menningarminja á aðalskipulagsstigi, hljóðar svo: <i>Fornleifar, hús og mannvirki í þéttbýli og á svæðum þar sem eru fyrirhugaðar framkvæmdir sem valda jarðraski á skipulagstímanum skulu skráðar á vettvangi áður en aðalskipulag er samþykkt. Undir þetta falla allar byggingaframkvæmdir, auk þess sem önnur framkvæmdasvæði þar sem jarðrask er fyrirsjáanlegt geta fallið hér undir. Skilgreining slíkra svæða skal gerð í samráði við minjavörð hvers landshluta. Þetta á einnig við um framkvæmdir í sjó og vötnum. Fornleifaskráningu skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um fornleifaskráningu.</i> <i>Gera skal grein fyrir húsum og mannvirkjum sem falla undir lög um menningarminjar í húsaskrá. Húsaskráningu skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um húsaskráningu.</i> <i>Upplýsingar um friðlýst hús og mannvirki eru aðgengilegar á vef Minjastofnunar Íslands. Upplýsingar um friðuð og umsagnarskyld hús má fá úr fasteignaskrá, en þær skulu birtar með fyrirvara um að ekki sé alltaf um að ræða rétt byggingarár í þeirri skrá.</i> <i>Í undantekningartilvikum mun stofnunin samþykkja að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja vegna aðalskipulags verði unnin á gildistíma skipulagsáætlunar ef gert er samkomulag með tímasettri áætlun, sem er undirrituð af fulltrúum sveitarfélags og Minjastofnunar, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um menningarminjar.</i> Menningarminjar eru til umfjöllunar m.a. í kafla 2 í greinargerð vinnslutillögunar. Þar segir að	Kallar ekki á viðbrögð



	<i>„Unnið verði að því að styrkja ímynd sveitarfélagsins og viðhalda sterkum innviðum, auk þess að varðveita sérkenni sem felast í landslagi, náttúru og menningarminjum.“</i>	
Minjastofnun Magnús A. Sigurðsson	Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna hefur staðið að fornleifaskráningum og rannsóknum. Skráning eða rannsóknir hafa farið fram í Akureyjum (aðalskráning fornleifa), Hörðudal (skráning á dysjum, leiðum og haugum), Saurbæ (skráning á dysjum, leiðum og haugum), Skógarströnd (skráning á dysjum, leiðum og haugum), Haukadal (fornleifarannsóknir), Öxney (fornleifarannsókn). Auk þessa hefur fornleifaskráning farið fram í Ólafsdal á vegum Minjaverndar og Ólafsdalsfélagsins. Minjastofnun Íslands minnir á að fyrirbyggjandi fornleifaskráningar í Dalabyggð eru margar barn síns tíma og uppfylla ekki að öllu leyti þær kröfur sem gerðar eru til fornleifaskráningar í dag. Þannig er t.d. farið fram á það í dag að staðsetning og útlínur fornleifa séu sýndar á uppdráttum sem unnir eru fyrir deiliskipulag. Minjastofnun mun fara fram á að skráningar verði uppfærðar í tengslum við gerð deiliskipulags fyrir einstök svæði eða undirbúning framkvæmda innan sveitarfélagsins, t.d. skógrækt eða efnistöku. Æskilegt væri því að fornleifaskráning í sveitarfélaginu öllu yrði framkvæmd í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands sem finna má á heimasíðu stofnunarinnar.	Tilgreina í greinargerð að uppfæra þurfi fornleifaskráninga við deiliskipulag eða leyfisveitingar.
Minjastofnun Magnús A. Sigurðsson	Í sveitarfélaginu eru 10 friðlýstar og um 32 friðaðar byggingar. Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 er kveðið á um að skráning húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Húsa- og mannvirkjaskráning skal unnin af fagaðilum er búa yfir sérþekkingu á sviði byggingarlistar og byggingarsögu, heimildaöflun og reynslu á sviði skráningar og skal skráningin vera í samræmi við leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands.	Kallar ekki á viðbrögð
Minjastofnun Magnús A. Sigurðsson	Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við vinnslutillögu aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 29. gr. laganna sem hljóðar svo: Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.	Kallar ekki á viðbrögð
Fráveita		
Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Umhverfistofnun bendir á að til fráveitu teljast rotþrær og stofnkerfi fráveitu, þ.e. flutningskerfi frá upptökum frárennslis, hreinsun á frárennslis og losun í viðtaka.	Greinargerð uppfærð m.t.t. þessa.



Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Umhverfisstofnun vill benda á það að í skólpi eru ekki einungis lífræn efni, næringarefni og saurbakteríur sem sjórinn vissulega eyðir og/eða dreifir, heldur er einnig í skólpi rusl, hættuleg efni og lyfjaleifar sem ekki er hægt að fullyrða um að sjórinn eyði og því er mikilvægt að setja upp hreinsun á skólpi sem fyrst.	Greinargerð uppfærð m.t.t. þessa.
Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að kröfur um hreinsun á skólpi frá þéttbýli sem losar undir 10.000 pe. í sjó er viðunandi hreinsun. Í viðunandi hreinsun felst skv. 14. mgr. 3. gr. að hreinsa skal skólp með viðurkenndum hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar svo að gæðamarkmiðum fyrir viðtaka sé náð, sbr. I.- V. viðauka. Frestur til að uppfylla kröfurnar rann út árið 2005. Stofnunin bendir á að í greinargerð þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi hreinsun fráveituvatns og tímaáætlun.	Grein gerð fyrir stefnu sveitarfélagsins á þessu sviði. Unnið er að breytingum á fráveitukerfi í Búðardal, þannig að það uppfylli kröfur 9.2 gr. reglugerðar um fráveitu og skólp nr. 798/1999.
Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Umhverfisstofnun bendir á að hreinsun skólps frá einstaka húsum skal vera tveggja þrepa í samræmi við 13. gr. reglugerðar um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er því ekki fullnægjandi hreinsun frá einstaka húsum. Betra væri að tala almennt um tveggja þrepa hreinsun frá einstaka húsum fremur en að þrengja hreinsiaðferð við rotþró og siturbeð. Þá mætti nota hugtakið hreinsivirki í staðinn.	Greinargerð uppfærð m.t.t. þessa.
Frístundabyggð		
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Frístundahús á eyjum eru á frístundasvæði en ekki á óbyggðu svæði.	Lagfæra í samræmi við ábendingu.
Náttúrfræðistofnun Íslands Lovísa Ásbjörnsdóttir	Gert er ráð fyrir mikilli fjölgun frístundahúsa, bæði á þegar skipulögðum frístundasvæðum sem og nýjum svæðum. Náttúrfræðistofnun leggur áherslu á að við skipulag sé tekið tillit til náttúrufars þeirra svæða sem á að taka undir slíka byggð. Frístundabyggðir breyta einnig landslagi og geta haft áhrif á merkar jarðminjar, skemmt þær eða breytt sýnileika þeirra og aðgengi að þeim. Æskilegast er að staðsetja frístundabyggð á lítt grónum svæðum eða svæðum sem þegar hefur verið raskað með öðrum mannvirkjum og/eða skógrækt, m.a. til að takmarka búsvæðatap mófugla og ofangreind jaðaráhrif.	Greinargerð uppfærð m.t.t. þessa.
Náttúrfræðistofnun Íslands Lovísa Ásbjörnsdóttir	Í töflu 17.1 eru listaðar upp lágmarksfjarlægðir fyrir frístundahús vegna takmarkandi þátta. Þar er lágmarksfjarlægð frá vötnum, ám og sjó 50 m en æskilegt væri ef þessi væri a.m.k. 100 m en við þá fjarlægð er miðað við í B- hluta tillögum Náttúrfræðistofnunar. Einnig ættu þessi fjarlægðamörk að gilda um nærliggjandi votlendi, sérstaklega þau sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (https://serstokvernd.ni.is/) .	Greinargerð uppfærð m.t.t. þessa.



Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Í almenn ákvæði fyrir frístundabyggð ætti að tilgreina að við gerð deiliskipulags fyrir stærri svæði verði hugað að vörnum gegn gróðureldum, s.s. flóttaleiðum og aðgengi slökkviliðs sbr. það sem fram kemur á bls. 25.	Greinargerð uppfærð m.t.t. þessa.
Umhverfisstofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Í greinargerð á bls. 126 kemur fram að ekki má skerða náttúruvæðingunni sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að landnotkunarreitum F30, F29, F28, F32 er náttúrulegur birkiskógur og landnotkunarreitur F23 liggur í votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga og F9 norðan vegar liggur einnig í votlendi. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdir á ofangreindum svæðum geti haft neikvæð áhrif á vistkerfin og mikilvægt sé að landnotkunarreitir taki mið af markmiðum tillögunnar og ákvæðum náttúruverndarlaga.	Sett sérákvæði um uppbyggingu á eða við náttúruvæðingunni sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd.
Göngu- og reiðleiðir		
Skorarvík Ívar Pálsson - Landslög	Samkvæmt vinnslutillögu að Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032, sem liggur fram tilkynningar til dagsins í dag, þá gerir tillagan m.a. ráð fyrir því, sbr. umfjöllun í kafla 15. að um land Skoravíkur muni liggja göngu-, reið-, og hjólaleið/-leiðir. Á uppdráttum sem fylgja tillögunni er hvað reiðleiðna varðar vísað til gamla vegarins undir Skoravíkurmúla. Óljóst er hins vegar hvar göngu- og reiðhjólaleiðirnar eiga að liggja. Vegna framangreindra hugmynda þá óskar umbjóðandi minn eftir að málið verði kynnt honum sérstaklega þar sem nánar verði farið yfir málið og umbjóðanda mínum gerð ítarlega grein fyrir greindum hugmyndum áður en lengra verður haldið. Það verði gert áður en endanleg tillaga verður unnin að aðalskipulaginu til að aðilar geti leitast við að ná samkomulagi um legu og fyrirkomulag greindra stíga og mögulega önnur atriði sem tengjast endurskoðun skipulagsins. Umbjóðandi minn bendir á að um er að ræða verulega hagsmuni fyrir hann en lega greindra stíga getur haft verulegu áhrif á mögulega nýtingu hans á landinu og verðmæti þess. Um leið og umbjóðandi minn áskilur sér allan rétt vegna málsins vill hann þó jafnframt taka fram að hann er reiðubúinn til samvinnu og samstarfs um málið. Undirritaður mun góðfúslega veita frekari upplýsingar verði þess óskað.	Leitað verður samráðs við landeiganda. Stefnan um göngu- og reiðleiðir í landi Skoravíkur er þegar í gildandi aðalskipulagi.
Húsfriðun		
Skerðingsstaðir Jón Egill Jóhannsson	Friðlýst hús bls 42. Friðað hús sem stendur að Skerðingsstöðum. Hvað þýðir ártalið 1884?	Ártalið vísar til byggingarárs byggingar eða byggingarluta, skv. gögnum Þjóðskrár. Samkvæmt upplýsingum frá landeiganda er húsið byggt árið 1876 á Arnarbæli. Ártal leiðrétt í töflu 7.1 í greinargerð.



Hverfisvernd		
Skerðingsstaðir Jón Egill Jóhannsson	Þar kemur fram tillaga að takmörkun á landnotkun við Krosshólaborg, alls 40 ha. í landi Skerðingsstaða í Hvammsveit. Hvað felst í þessari bókun og ætla sveitastjórn að gefa sér leyfi til að ráða yfir þessum 40 ha sem eru u.þ.b. 15% af landi Skerðingsstaða og í hvað landeigandi notar þetta land. Nema fá til þess leyfi frá allskonar stofnunum og nefndum með tilheyrandi kostnaði og veseni sem hver ætla að borga? Krosshólaborg er ekki nema um 900 m² eða tæpur 1 ha og landið upp að þjóðvegi ca. 1,5 -2,0 ha það þarf nú tæpast að setja upp vernd upp á 40 ha. Undirritaður er ekki á móti því að vernda náttúru- og menningaminjar og er reyndar áhugamaður um að vernda og halda sögunni á lofti. En að þeir sem vinna þetta plagg skelli inn að vernda og friða hluti án þess svo mikið sem heyra eins og eitt símtal við landeigendur um svona mál, eru ekki vinnubrögð sem eiga að sjást. Í það minnsta var ekki haft samband við landeigendur Skerðingsstaða. Var það kannski líka svoleiðis um önnur svæði sem eru nefnd í þessum kafla? Í ljósi þessara vinnubragða er varða Krosshólaborg í landi Skerðingsstaða óskar undirritaður þess að þessi klausa verði tekin út úr aðalskipulagsdrögum og mun landeigandi sjálfur sjá um að varðveita þær minjar sem þar eru í framtíð sem hingað til. Reikna með að vitnað verði í náttúruminjaverndarreglur og þess háttar í svari sem kemur við þessu. En eins og sagt er hér áður er undirritaður ekki á móti vernd en svona yfirgangur er ekki til að státa sig af. Veit það var haldin kynningarfundur um málið í Dalabúð en það komast aldrei allir á svoleiðis fund og allra síst á þeim tímum sem við lifum á í dag (v/ Covid). Undirritaður er þeirra skoðunar að sveitafélagið eigi ekki að vera að íhlutast um of í eignarlöndum sveitunganna (það á nóg með sýnar eigin eignir). Ef þetta er stefna sem verður ekki haggð væri þá ekki eðlilegast að setja inn verndar ákvæði á alla sögustaði og kennileiti Dalabyggðar. Það eru ansi margir hólar og hæðir sem væru undir bara vegna Laxdælu sögu, Sturlungu og þjóðsagna.	Tillaga um hverfisvernd Krosshólaborgar kom fram á kynningarfundi í Dalabúð þann 10. nóv. 2021, þar sem almenningur gat sett inn ábendingar og tillögur. Svæðið er afmarkað á uppdrætti í samræmi við það. Í samráði við landeigenda er hverfisverndin felld út.
Náttúrfræðistofnun Íslands Lovísa Ásbjörnsdóttir	Fyrir utan Breiðafjörð eru engin friðlýst svæði í sveitarfélaginu og þá er stefnt að minnkun, endurskilgreiningu og niðurfellingu á hverfisvernd á nokkrum svæðum og ekki koma fram ástæður þess. Í tillögunni er sett fram eftirfarandi markmið: • Stuðlað verði að verndun votlendis og merkra birkiskóga, m.a. með afmörkun hverfisverndarsvæða. Setja þyrfti fram áætlanir um verndun fleiri svæða af þessu tagi, sérstaklega ef það er verið að draga úr vernd annarra svæða.	Hverfisverndarsvæði og afmörkun þeirra voru yfirfarin á kynningarfundi í Dalabúð þann 10. nóv. 2021. Svæðin voru endurskoðuð í ljósi reynslu á skipulagstímanum og nákvæmari grunnagna, ásamt því að gera verndunina markvissari. Umfjöllun bætt í greinargerð um ástæður endurskoðunar hverfisverndarsvæða.
Íbúðarbyggð		
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Skipulagsákvæði fyrir íbúðarbyggð eru misnákvæm þar sem kemur fram að heimilt sé að fjölga lóðum og íbúðum á þegar byggðum svæðum ÍB2-ÍB6 en ekki tilgreindur mögulegur fjöldi þeirra nema á svæði ÍB6. Skipulagsstofnun bendir á að á þegar byggðum svæðum er sérstaklega mikilvægt að mörkuð sé stefna um fjölda þeirra íbúða sem heimilt er að bæta við í hverfunum	Stefna uppfærð í samræmi við ábendingu.



	og marka stefnu um hæð húsa, tegund húsnæðis og eftir atvikum önnur atriði varðandi yfirbragð og gæði byggðar á hverju svæði. Svæði ÍB7 er skilgreint í gildandi aðalskipulagi og því er ekki um að ræða nýtt svæði fyrir íbúðarbyggð.	
Íþróttasvæði		
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Fram kemur á bls. 87 í greinargerð að golfvöllur sé á Fjóstúni og í nágildandi aðalskipulagi er sá golfvöllur sagður vera um 8 ha að stærð. Jafnframt kemur fram á bls. 88 að gert sé ráð fyrir golfvelli í landi Sælingsdalstungu. Skipulagsstofnun minnir á að golfvelli verði afmarkaðir sem íþróttasvæði og sett um þá viðeigandi skipulagsákvæði m.a. varðandi stærð þeirra í hekturum og holufjölda.	Lagfært í samræmi við ábendingu.
Landbúnaðarland		
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Fram kemur í vinnslutillögunni að landbúnaður, þ.m.t. skógrækt, sé helsta atvinnugreinin í sveitarfélaginu en ýmis starfsemi ótengd landbúnaði fer vaxandi og er mörkuð stefna um heimildir til uppbyggingar og starfsemi á landbúnaðarsvæðum ótengt landbúnaði s.s. ferðaþjónustu. Unnin hefur verið flokkun landbúnaðarlands og fram kemur að gert sé ráð fyrir því að landbúnaðarland í flokkum I og II verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota sem hindrar landbúnaðarnot. Vísað er til viðmiða í viðauka í greinargerð sem fylgdi ekki vinnslutillögunni.	Viðmiðum fyrir flokkun landbúnaðarlands verður bætt í viðauka skipulagsins.
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Skipulagsstofnun minnir á að niðurstaða flokkunar lands m.t.t. hæfni til akuryrkju er forsenda fyrir frekari stefnumörkun sem þarf að endurspeglast í afmörkun landbúnaðarsvæða á skipulagsuppdraetti og skipulagsákvæðum um vernd eða nýtingu hvers þessara svæða. Í tillögunni þarf því að móta stefnu varðandi heimildir til uppbyggingar og starfsemi á landbúnaðarsvæðum sem byggir á niðurstöðu flokkunarinnar, t.d. með því að skilgreina mismunandi flokka eða tegund landbúnaðarsvæða (L1, L2 o.s.frv.), líkt og gert er með aðra landnotkunarflokka	Vísað er til viðmiða um flokkun landbúnaðarlands og leyfilega uppbyggingu í hverjum flokki fyrir sig, sem var samþykkt í sveitarstjórn þann 5. mars 2020.
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Hver flokkur verði afmarkaður með skýrum hætti og auðkenndur á sveitarfélagsuppdraetti þar sem við á og um þá gilda skipulagsákvæði sem taki eftir atvikum til verndar viðkomandi svæðis og/eða fyrirkomulags og umfangs mannvirkja eins og vindmylla og starfsemi ótengdri landbúnaði, þ.m.t. frístundahúsa, gistihúsa og hámarsfjölda gesta. Sömuleiðis þarf að marka stefnu um á hvaða landbúnaðarsvæðum, við hvaða aðstæður og í hvaða umfangi skógrækt verði heimiluð á landbúnaðarsvæðum.	Vísað er til umfjöllunar í kafla 11.3 Landbúnaður um fyrirbyggjandi opinber gögn og stefnu um hvað verði lagt til grundvallar skipulagsákvörðunum um nýtingu lands á landbúnaðarsvæðum.
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Í þessu samhengi bendir stofnunin jafnframt á að skoða þarf hvort afmarka ætti óbyggt svæði á fjalllendi og heiðum í stað landbúnaðarsvæðis með vísun í texta á bls. 47 í greinargerð um að á heiðarlöndum sé hvorki gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi og með hliðsjón af	Vísað er til flokkunar landbúnaðarlands, þar sem fram kemur stefna sveitarfélagsins varðandi uppbyggingu á mismunandi landbúnaðarlandi.



	markmiði á bls. 48 um að viðhaldið skuli stórum samfelldum óbyggðum svæðum þar sem mannvirki eru fá og áhrifa mannsins gætir lítið.	
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Skipulagsstofnun bendir á að í tillögunni þarf að tilgreina hámarkshæð vindmylla sem heimilt er að reisa á landbúnaðarsvæðum þ.e. spaða í hæstu stöðu og gera grein fyrir samanlögðu hámarksafli þriggja vindmylla. Tilefni getur verið til að marka nánari stefnu um þær takmarkanir sem gilda um slík mannvirki s.s. varðandi lágmarksfjarlægð frá íbúðarhúsum og frístundahúsum á jörðinni og á aðliggjandi jörðum.	Stefna er sett um heimild fyrir einni vindmyllu á jörð með fasta búsetu. Hámarksstærð miðist við að hæð hverfils geti verið allt að 20 m, hæð spaða allt að 30 m og uppsett orkuvinnsla allt að 0,5 MW. Lágmarks fjarlægð frá íbúðar- og frístundahúsum á nágrannajörðum verði minnst en 1 km og lágmarks fjarlægð frá landamerkjum nágrannajarða verði 200 m. Einnig verði sett heimild fyrir sólarsellum til eigin raforkunota, á og við byggingar.
Leiðarljós		
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Í kafla 2.1 í greinargerð (Leiðarljós) er vísað til metnaðarfullra markmiða sbr. hugmyndafræði og innleiðingar hæglætisstefnu Cittaslow en þar segir <i>“með sterkar rætur í sögu menningu og náttúru svæðisins. Um er að ræða andrúmsloft og nálgun sem Dalabyggð telur eftirsóknarverða og hefur m.a. verið nýtt í markaðssetningu sveitarfélagsins. [...] Í Stefnu Dalabyggðar er lögð áhersla á að bæta búsetuskilyrðin og efla byggðina með þeim styrkleikum sem eru til staðar. Sveitarfélagið verði áfram sterkt landbúnaðarhérað með ríka hefð í úrvinnslu afurða og nýtingu hlunninda. Einnig verði búinn til frjór jarðvegur fyrir fjölbreytt atvinnulíf og ferðaþjónustu. Unnið verði að því að styrkja ímynd sveitarfélagsins og viðhalda sterkum innviðum, auk þess að varðveita sérkenni sem felast í landslagi, náttúru og menningarminjum.”</i> Stjórn Landverndar fagnar metnaðarfullum markmiðum sveitarfélagsins Dalabyggðar um innleiðingu hæglætisstefnu Cittaslow. Fulltrúar Landverndar hafa kynnt sér stefnu Cittaslow ítarlega og þá er óhjákvæmilegt að vekja athygli á að helstu áherslur og markmið Cittaslow er að byggja á þeim gæðum og sérstöðu sem þegar er að finna í sveitarfélaginu. Þá er lögð sérstök áhersla í Cittaslow hugmyndafræðinni að efla vitund og virðingu íbúa og gesta fyrir umhverfi og menningu og hagnýta í sátt við umhverfi og náttúru.	Framleiðsla sjálfbærrar orku samrýmist hugmyndafræði Cittaslow, að uppfylltum ströngum skilyrðum sem sett eru á seinni stigum leyfisveitinga með hliðsjón af umhverfismati framkvæmdar.
Lífriki		
Hafrannsóknastofnun Rakel Guðmundsdóttir	Í skipulagstillögunni kemur m.a. fram að nýting náttúruauðlinda verði með sjálfbærum hætti og líffræðilegri fjölbreytni verði viðhaldið í samræmi við lögum náttúruvernd. Hafrannsóknastofnun vill þó vekja sérstaklega vekja athygli á að í kafla 3.6 um lífríki er ekkert fjallað um vatnalíf og veiðinytjar sem eru mikilvæg hlunnindi fyrir handhafa veiðiréttar í ám í Dalabyggð.	Greinargerð uppfærð m.t.t. þessa.



Hafrannsóknastofnun Rakei Guðmundsdóttir	Líkt og kom fram í fyrri umsögn er ekki minnst á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 sem fjalla um verndun vatns og vistkerfi þess, sjálfbæra nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Mat á ástandi straumvatna og stöðuvatna byggir á athugunum á vatnalífriki, efnasamsetningu vatns auk rennslis og formgerðar farvega. Ýmsar mannlegar athafni geta valdið hnignun á lífríki í straumvötnum og stöðuvötnum vegna áhrifa á vatnsmagn, samfellu og vegna tíðari og hraðari rennslisbreytinga sem geta orðið. Ef lífríki hnignar vegna mannlegra athafna ber að upphefja þær breytingar.	Bæta inn upplýsingum um lög í kafla 6 um auðlindir.
Hafrannsóknastofnun Rakei Guðmundsdóttir	Margáttaðar rannsóknir hafa um langt skeið verið stundaðar á fiskistofnum í vatnsföllum Dalasýslu, fyrst af Veiðimálastofnun og síðar Hafrannsóknastofnun eftir sameiningu þessara stofna árið 2016. Bæði er þar um að ræða rannsóknir kostaðar af landeigendum og veiðifélögum en einnig grunnrannsóknir kostaðar af rannsóknasjóðum og ríkinu. Þar má m.a. nefna rannsóknir í Krossá á Skarðsströnd sem er ein af lykilám Hafrannsóknastofnunar sem nýttar eru til að fylgjast með breytingum á framleiðslu þörunga, smádýra og fiska (Sigurður Már Einarsson, Jóhannes Guðbrandsson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir, 2020). [Mynd af meðalveiði á laxi í Dalasýslu]	Bæta inn upplýsingum í kafla 6 um auðlindir.
Náttúrufræðistofnun Íslands Lovísa Ásbjörnsdóttir	Að lokum skal bent á grein sem kom nýlega út í Náttúrufræðingnum; „Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla“ (Tómas Grétar Gunnarsson, 2020) en allir sem koma að skipulagsmálum í dreifbýli ættu að kynna sér efni hennar. Á Íslandi eru gríðarstórir vaðfuglastofnar en það eru ýmsar hættur sem koma til með að steðja að þeim á komandi áratugum, t.d. má nefna hugmyndir um stórfellda aukningu í skógrækt á láglendi, aukinn fjöldi frístundabyggða og dreifingu lúpínu. Auk þess sem hækkandi hitastig og víða minnkandi sauðfjárbreit mun leiða til hávaxnari og þéttari gróðurs sem leiðir til fækkunar búsvæða fyrir vaðfugla en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum og þrífast alls ekki í skóglendi. Það er því brýnt að sveitarfélög marki sér stefnu um verndun og endurheimt búsvæða vaðfugla, að tekið sé tillit til þarfa þeirra við hvers kyns skipulag og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif framkvæmda á vaðfugla. Helstu þættir sem geta stuðlað að vernd vaðfugla eru dregnir saman í einfaldaðri töflu hér fyrir neðan úr grein Tómasar Grétars Gunnarssonar (2020). [klippa úr greininni fylgir með umsögninni]	Tekið til skoðunar.
Loftslagsmál		
Veðurstofan Árni Snorrason	4.1 Loftslagsbreytingar og viðbrögð við þeim: Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um aðlögunarþörf vegna afleiðinga loftslagsbreytinga og ólíkt nágrannaþjóðum okkar er ekki til landsáætlun í þeim efnum. Lítið hefur verið hugað að samlegðaráhrifum mótvægisáðgerða sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og aðgerðum til aðlögunar. Verið er að vinna að landsáætlun og birt hefur verið stefna um aðlögun og hvítbók henni til stuðnings:	Tekið til skoðunar.



	https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-ogskrar/%c3%8d%20lj%c3%b3si%20loftslagsv%c3%a1r.pdf https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-ogskrar/Hv%c3%adtb%c3%b3k%20um%20a%c3%b0l%c3%b6gun%20a%c3%b0%20loftslagsbreytingum.pdf	
Náttúrulegaug		
Umhverfisstofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Í greinargerð er fjallað um ferðapjónustu í Hlíð (VP8) þar sem heimilt er að hafa þjónustuhús og allt að 15 útleiguhús og þar eru einnig náttúrulegaugur, afþreying og útivistarleiðir. Umhverfisstofnun telur að náttúrulegaugarnar sem eru hér til umfjöllunar geti fallið undir reglugerð 460/2015 um baðstaði í náttúrinni en markmið reglugerðarinnar er að stuðla að öryggi notenda og bættum hollustuháttum á baðstöðum í náttúrinni. Umhverfisstofnun bendir mikilvægi þess að skilgreining á náttúrulegaugum sé skýrari í tillögunni og tekið sé mið af 3. gr. ofangreindrar reglugerðar þar sem fjallað er um skilgreiningar.	Að teknu tilliti til nýrra upplýsinga er umfjöllun um náttúrulegaug tekin út.
Náttúruvá		
Veðurstofan Árni Snorrason	4.3 Ofanflóð: Þess ber að geta að hættumeta þarf allar nýbyggingar sem reistar eru á svæðum þar sem getur verið hætt við ofanflóðum, hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli. Í reglugerð nr. 505/2000 um ofanflóðahættumat segir í 18. gr.: <i>Áður en sveitarstjórn gerir breytingu á deiliskipulagi eða aðalskipulagi, samþykkir nýtt skipulag eða veitir byggingarleyfi eða framkvæmdaleyfi samkvæmt gildandi deiliskipulagi á svæði þar sem ofanflóð eru hugsanleg, án þess að staðfest hættumat liggi fyrir, skal hún leita álits Skipulagsstofnunar á því hvort óska beri eftir staðbundnu hættumati hjá Veðurstofu Íslands. Á vefsvæði Veðurstofunnar (https://www.vedur.is/ofanflod/haettumat/bhmat/) má finna leiðbeiningar um þau mörk sem miðað er við.</i>	Greinargerð uppfærð m.t.t. þessa.
Veðurstofan Árni Snorrason	4.4 Gróðureldar: Bæta eftirfarandi við aftast í fyrstu málsgrein: „<i>Ennfremur þarf að hafa í huga að breytingar í landbúnaði geta haft áhrif á hættu af gróðureldum. En minnkandi beit eykur líkur á sinu og þar með hættu á þeim.</i>” Bæta eftirfarandi við aftast í kaflann: „<i>Því er rétt að taka tillit til gróðureldahættu við gerð skipulags, hvort sem er við fristundabyggð eða önnur svæði, en almennt þarf að huga að því að halda lággróðri í lágmarki við byggingar eða raflínur í skógum</i> (https://www.grodueldar.is/adminnka-eldsmat/).”	Greinargerð uppfærð m.t.t. þessa.
Veðurstofan Árni Snorrason	4.5 Flóðasvæði: Bæta við eftirfarandi aftast í kaflann: „<i>Veðurstofan vinnur nú að hættumati vegna sjávarflóða, þar sem m.a. er tekið tillit til loftslagsbreytinga og landsigs/landriss. Á næstu misserum og árum verða niðurstöður þessarar vinnu birtar.</i>”	Greinargerð uppfærð m.t.t. þessa.



Veðurstofan Árni Snorrason	4.6 Aftakaveður: Lok kaflans hljóði svo: „Samkvæmt gögnum Veðurstofu Íslands eru norðan- og norðnorðaustanáttir algengustu vindáttirnar í Ásgarði en hvassviðrisáttin einkum norðnorðaustanátt. Frá upphafi sjálfvirkra mælinga í Ásgarði hefur vindhraði mælst yfir 20 m/s í öllum mánuðum ársins utan tímabilsins maí-ágúst, auk október. Mesti mældi vindhraði er 31,2 m/s þann 14. mars 2015 en þá mældist einnig mesta hviðan, 41,9 m/s.”	Greinargerð uppfærð m.t.t. þessa.
Veðurstofan Árni Snorrason	Markmið og stefna – náttúruvá og öryggi: Fjallað er um lágmarksgólfhæð og sjávarstöðubreytingar en ekki eru nefndar neinar viðmiðunartölur. Í skýrslu Sigurðar Sigurðarsonar (2018) Lágsvæði - viðmiðunarreglur fyrir landhæð - kemur fram að á lágsvæðum þurfi að gera ráð fyrir a.m.k. 1 m hækkun sjávar. Veðurstofan bendir einnig á að sjávarstöðuhækkun muni halda áfram öldum saman og því líklegt að nýbyggingar á lágsvæðum muni að lokum þurfa að glíma við sjávarstöðuhækkun, jafnvel þó þessum kröfum sé fylgt. Þessi ábending er í samræmi við skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar frá 2018, en þar er bent á að sjávarfyrirborðshækkun muni halda áfram öldum saman, og nefnd er talan 1 m á öld fram til ársins 2500 (sem gera samtals 5 m). Í nýlegri skýrslu IPCC (AR6, 2021) kemur fram að í ýrtrustu mörkum hlýjustu sviðsmyndar þeirra er hnattræn hækkun rúmlega einn metri í lok aldarinnar, en 1,35 m (á bilinu 1,02–1,89 m) árið 2150. Einnig er sett fram óviss sviðsmynd þar sem hækkunin er 1,02 til 4,83 m fram til ársins 2150, en í þeirri sviðsmynd er ákaft massatap frá Suðurskautslandinu og hækkunin hér við land verði þá meiri (sjá töflu 9.11 í skýrslu IPCC). Skýrsla Sigurðar bendir einmitt á að viðmiðunarreglur um skipulag á lágsvæðum þurfi að uppfæra reglulega eftir því sem þekkingu fleygir fram. Í ljósi þessa leggur Veðurstofan áherslu á að mikilvægt sé að við skipulagsgerð verði gert ráð fyrir hækkun sjávar og hvernig hægt verði að bregðast við ef hækkunin verði að lokum meiri en þau mörk sem skipulagið gerir ráð fyrir. Eðlilegt er þá að tiltaka hvernig megi koma sjóvörnum við, svo að við skipulag séu komandi kynslóðir séu ekki settar í verri stöðu með núverandi skipulagsákvörðunum.	Greinargerð uppfærð m.t.t. þessa.
Náttúruvernd		
Breiðafjarðarnefnd Erla Friðriksdóttir	Breiðafjarðarnefnd fór yfir vinnslutillöguna á fundi og vill koma þeirri ábendingu áleiðis að ekki sé fjallað um verndarsvæði Breiðafjarðar í vinnslutillögunni. Það má bæta úr því þannig að betri útlistun á verndarsvæðinu verði í aðalskipulagi Dalabyggðar.	Lög um vernd Breiðafjarðar nefnd í kafla 5.1 og fjallað um verndarsvæðið og verndaráætlun í kafla 5.3 um náttúruverndarsvæði. Einnig í kafla 7.1 um menningarminjar, 7.4 um búsetu- og menningarlandslag, 9.1 um eyjar og strandsvæði. Auk þess skipulagsákvæði í k. 17.18. Tekið til skoðunar hvort bæta megi umfjöllun í greinargerð.
Náttúrfraeðistofnun Íslands Lovísa Ásbjörnsdóttir	Náttúrfraeðistofnun hefur farið yfir gögnin sem fylgja tillögunni og samanstanda þau af greinargerð, umhverfismatsskýrslu og uppdrætti. Með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, kemur fram flest það sem fjalla þarf um í frekari vinnu við nýtt aðalskipulag. Í tillögunni er lögð almenn áhersla á mikilvægi þess að vernda náttúru svæðisins, m.a. er stefnt	Kallar ekki á viðbrögð



	að verndun og endurheimt votlendis. Mikilvægt er að þessi áhersla endurspeglst í ákvarðanatöku um einstök deiliskipulagsáform eða leyfisveitingar.	
Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Í greinargerð á bls. 26 er fjallað um vistkerfi og jarðminjar sem undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og svæðin sýnd á mynd 5. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um þau vistkerfi og jarðminjar sem undir greinina falla með ítarlegri hætti í greinargerð. Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr. náttúruverndar: a. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur. b. sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré. Eftirtaldir jarðminjar njóta sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr. náttúruverndarlaga: a. eldvörp, eldhraun, gervíggar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma. b. fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum.	Greinargerð skoðuð m.t.t. þessa.
Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Umhverfisstofnun bendir á að Ní hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Á bls. 28 í greinargerð er fjallað um þau svæði á tillögu Ní að framkvæmdaráætlun (B-hluta). Umhverfisstofnun bendir á að mynd 3.9 sýnir „<i>Mikilvæg fuglasvæði og sellátur í Dalabyggð</i>“ en ekki tillögur Ní að B-hluta. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila. Hins vegar tekur stofnunin undir með sveitarfélaginu að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir svæðin til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (Bhluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.	Kallar ekki á viðbrögð á þessu stigi



Óbyggð víðerni		
Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Með 1. gr. laga nr. 43/2020 var gerð breyting á skilgreiningu hugtaksins óbyggð víðerni á þann veg að orðunum „að jafnaði“ var bætt framan við orðin í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum [...]. Skilgreiningin á hugtakinu óbyggð víðerni í 19. tölulið 5. gr. laga nr. 60/2013 er eftirleiðis svohljóðandi: Óbyggt víðerni: Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.	Uppfæra greinargerð m.t.t. þessa.
Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver stefna sveitarfélagsins er varðandi verndun óbyggðra víðerna í sveitarfélaginu.	Greinargerð skoðuð m.t.t. þessa.
Skipulagsferli		
Hagsmunir.is Arnór Björnsson o.fl.	Horft er framhjá þeirri staðreynd að framkvæmd sem þessi mun hafa mikil neikvæð áhrif á fólk og samfélag. Fólk er óttaslegið og reitt og vill alls ekki búa við hliðina á svona virkjun. Virkjunin mun hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna og uppbygging til dæmis Ljárskóga og Glerárskóga í kringum laxveiðiána Fáskrúð er í uppnámi. Jákvæðu punktarnir sem eru taldir upp og hafa komið fram á ólíkum skipulagsstigum af hálfu sveitarfélagsins eru algjörlega örökstuddir og að okkar mati að mestu rangfærslur, sem hlýtur að teljast óhæft í opinberu skjali. Fyrst og síðast hefur sveitarfélagið aldrei lagt sig fram um að kynna íbúum aðrar hliðar á málinu en snýr að hinum afmörkuðu hagsmunum viðkomandi orkufyrirtækis.	Með því að vinna skipulag fyrir orkuverin í sérstöku skipulagsferli, fá þau aukið vægi og umfjöllun um þau verður markvissari umfram það orðið hefði ef þau hefðu verið felld inn í heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Með því að vinna skipulagsbreytingarnar á undan endurskoðuninni má segja að lýðræðislegum ferlum sé betur fylgt og að ferlið sé gegnsærra. Það á sérstaklega við þar sem opinber viðmið liggja ekki alveg fyrir og stefna um vindorkuver er ekki hluti af Landskipulagsstefnu. Ekki liggur fyrir lagaumgjörð umfram það sem er í skipulagslögum og lögum um umhverfismat.
Hagsmunir.is Arnór Björnsson o.fl.	Sveitarfélagið er hér eindregið hvatt til þess að draga til baka með öllu þau skipulagsáform sem sett hafa verið inn í vinnslutillögu og á uppdrætti um stórtækt iðnaðarsvæði á heiðarlendum Dalabyggðar í landi Hróðnýjarstaða og hið sama á við um áformað vindorkusvæði að Sólheimum.	Heimild fyrir vindorkuveri í aðalskipulagi veitir ekki sjálfkrafa heimild til framkvæmda. Áður en leyfi er veitt til framkvæmda þarf að fara fram mat á umhverfisáhrifum sem er ferli sem lýkur með áliti Skipulagsstofnunar. Í því mati er mikilvægar forsendur skoðaðar og möguleg áhrif uppbyggingar á gefna umhverfisþætti, sem er grundvöllur fyrir frekari ákvarðanatöku og mögulega útgáfu framkvæmdaleyfis. Einnig þarf að liggja fyrir virkjunarleyfi sem og deiliskipulag en þar eru sett ítarleg ákvæði um mögulega uppbyggingu.



Hagsmunir.is Arnór Björnsson o.fl.	Að lokum vísum við til áður innsendra athugasemda til Dalabyggðar (2.2.2018, 28.6.2019, 19.1.2021) og óskum eftir að þau lagarök sem finna má í bréfum þessum verði tekin til greina á þessu stigi málsins einnig.	Athugasemdin varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Stjórn Landverndar óttast að íbúar sveitarfélagsins hafi fengið mjög einhliða kynningu á áformum um uppbyggingu vindorkuvera frá hagsmunaaðilum fyrirtækjanna sjálfra. Landvernd, með fullri virðingu fyrir stjórnsýslu sveitarfélagsins, dregur mjög í efa að önnur óháð og fagleg sjónarmið og staðreyndir sem stjórnsýslunni er ætlað að tryggja að íbúarnir fái, hafi í raun verið haldið á lofti við kynningu og samráð um þessi áform. Slíkt er nauðsynlegt svo íbúar hafi forsendur til að taka upplýsandi afstöðu gagnvart þeim gríðarlega stóru skipulagsáformum sem sett hafa verið á dagskrá.	Með því að vinna skipulag fyrir orkuverin í sérstöku skipulagsferli, fá þau aukið vægi og umfjöllun um þau verður markvissari umfram það orðið hefði ef þau hefðu verið felld inn í heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Með því að vinna skipulagsbreytingarnar á undan endurskoðuninni má segja að lýðræðislegum ferlum sé betur fylgt og að ferlið sé gegnsærra. Það á sérstaklega við þar sem opinber viðmið liggja ekki alveg fyrir og stefna um vindorkuver er ekki hluti af Landskipulagsstefnu. Ekki liggur fyrir lagaumgjörð umfram það sem er í skipulagslögum og lögum um umhverfismat.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Mikilvægt er að þeir sem sitja við stjórnvölinn í sveitarfélögum um landið sem og íbúar kynni sér áhrif vindorkuvera áður en þeir taka ákvarðanir sem eru með öllu óafturkræfar eins og hér um ræðir. Því miður fá málsvavar náttúruverndar ekki að sitja við sama borð og hagsmunaaðilar orkufyrirtækja sem matreiða upplýsingar einhliða ofan í íbúa ásamt aðkeyptum verkfræðistofum. Sá mikli lýðræðislegi halli í umræðunni sem í þessu felst, og er almennur á þessum vettvangi, er óásættanlegur.	Ákvörðun um heimild fyrir vindorkuver í aðalskipulagi er afturkræf, enda veitir hún ekki heimild til framkvæmda. Áður en leyfi er veitt til framkvæmda þarf að fara fram mat á umhverfisáhrifum sem er ferli sem lýkur með áliti Skipulagsstofnunar. Í því mati er mikilvægar forsendur skoðaðar og möguleg áhrif uppbyggingar á gefna umhverfisþætti, sem er grundvöllur fyrir frekari ákvarðanatöku og mögulega útgáfu framkvæmdaleyfis. Einnig þarf að liggja fyrir virkjunarleyfi og deiliskipulag en þar eru sett ítarleg ákvæði um mögulega uppbyggingu.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Vindorkuver á áformuðu iðnaðarsvæði í vinnslutillögunni mun hafa gríðarlega neikvæð áhrif og óafturkræfa ásýndar mengun í för með sér fyrir íbúa sem og gesti á svæðinu og samræmist því á engan hátt stefnumarkmiðum aðalskipulagsins þar sem lögð er sérstök áhersla á að vernda landslagsheildir og víðerni. Þetta á bæði við um skipulagsáform í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima. Einmitt vegna þessara áforma í skipulaginu hafa íbúar á nærsvæði Hróðnýjarstaða harðlega mótmælt skipulagsáformum að reisa vindorkuver þar allt frá fyrstu stigum kynningar þegar áformin komu fram, sem telur nú í árum. Íbúar af nærsvæði hafa því sett fram margvíslegar og vandaðar athugasemdir með haldbærum rökum án þess að því hafi verið svarað með rökum af hálfu sveitarfélagsins. Ekki síst hefur gagnrýni landeigenda, íbúa og fjölskyldna þeirra af nærsvæði Hróðnýjarstaða beinst einmitt að sjónmengun og viðkomandi hagsmunaaðilar hafa einmitt verið að kalla eftir að fá að lifa áfram við þá á landslagsheild sem sveitarfélagið sækist eftir, en vinnur jafnframt gegn í vinnslutillögunni. Með þessu ógnar sveitarfélagið tilvist annarra íbúa og gengur gegn eigin stefnu í leiðinni sem hér er að finna í vinnslutillögu.	Vísað er til umhverfismats framkvæmda og skipulagsferilsins og þeirra mótvægisáðgerða sem þar verða lagðar til. Með því að vinna skipulag fyrir orkuverin í sérstöku skipulagsferli, fá þau aukið vægi og umfjöllun um þau verður markvissari umfram það orðið hefði ef þau hefðu verið felld inn í heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Með því að vinna skipulagsbreytingarnar á undan endurskoðuninni má segja að lýðræðislegum ferlum sé betur fylgt og að ferlið sé gegnsærra. Það á sérstaklega við þar sem opinber viðmið liggja ekki alveg fyrir og stefna um vindorkuver er ekki hluti af Landskipulagsstefnu. Ekki liggur fyrir lagaumgjörð umfram það sem er í skipulagslögum og lögum um umhverfismat.



Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Þegar meðferð skipulagsmála er skoðuð í Dalabyggð virðist skorta töluvert mikið upp á samráð við nærsamfélagið af hálfu sveitafélagsins. Það að skrifa undir viljayfirlýsingu vegna gríðarlega umfangsmikilla og umdeildra vindorkuvera við erlend og innlend einkafyrirtæki sem sveitarfélagið hefur enga burði til að bakgrunnskoða, er áhyggjuefni. Sveitarstjórnin virðist hafa látið viðkomandi fyrirtækjum alfarið eftir að stýra skipulagsferlinu allt frá kynningu skipulagslýsingar til enda. Á þeim kynningarfundum sem haldnir hafa verið hefði sveitastjórn þurft að stíga skýrt fram og gera grein fyrir því í hverjar raunverulegar skyldur og hlutverk hennar væri og svara spurningum íbúa sem lúta að ábyrgð hennar og stefna er varðar gríðarlega stóra iðnaðarstarfsemi eins og vindorkuver. Á kynningarfundum um vindorkuverkefnið í Dalabyggð kom afstaða kjörinna fulltrúa aldrei fram - engu að síður gátu hinir sömu tekið ákvörðun á fundum sveitarstjórnar að taka málin alla leið með vindorkufyrirtækjunum og fallast á að setja inn á skipulag sveitarfélagsins og þar með að stefnu Dalabyggðar ef aðalskipulagið nær fram að ganga með staðfestingu skipulagsstofnunar.	Skipulagsferli vegna vindorkuvera að Hróðnýjarstöðum og á Sólheimum í Dalabyggð hófst í vorið 2019 með samhliða kynningu skipulags- og matslýsinga fyrir hvort orkuver. Tillaga að aðalskipulagsbreytingum var auglýst í árslok 2020. Tillögurnar voru samþykktar í sveitarstjórn þann 15. apríl 2021 og teljast því stefna sveitarfélagsins. Skipulagsbreytingarnar hafa ekki hlotið staðfestingu og eru því enn í skipulagsferli. Með því að vinna skipulag fyrir orkuverin í sérstöku skipulagsferli, fá þau aukið vægi og umfjöllun um þau verður markvissari umfram það orðið hefði ef þau hefðu verið felld inn í heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Með því að vinna skipulagsbreytingarnar á undan endurskoðuninni má segja að lýðræðislegum ferlum sé betur fylgt og að ferlið sé gegnsærra. Það á sérstaklega við þar sem opinber viðmið liggja ekki alveg fyrir og stefna um vindorkuver er ekki hluti af Landskipulagsstefnu. Ekki liggur fyrir lagaumgjörð umfram það sem er í skipulagslögum og lögum um umhverfismat.
Skógrækt		
Hrútsstaðir Bergþóra Jónsdóttir	Í Greinargerð - Vinnslutillaga – til kynning Kafli 17.11 Opin svæði á bls. 133 segir: “Gæta skal þess að skógrækt hafi ekki neikvæð áhrif á náttúruleg gæði, svo sem gróðurfar og búsvæði, sem og menningarminjar.” Ég geri athugasemdir við að skógrækt hafi neikvæð áhrif á náttúruleg gæði sem ekki er rétt. Skógrækt hefur jákvæð áhrif á náttúruleg gæði, auðgar gróðurfar og búsvæði. En gæta þarf að menningarminjum í tengslum við skógrækt eins og allar aðrar framkvæmdir og hefur það margfalt komið fram í skjalinu. Það er ekki ásættanlegt að nota orðið neikvætt í tengslum við skógrækt. Það orð sá ég ekki annars staðar í skjalinu. Almennt er textinn jákvæður og leggur línur um eflingu og góðan framgang í Dalabyggð í sátt við íbúana. Skógrækt á þar stóran hlut og fram kemur að hana skuli efla sem atvinnugrein því er óþarfi að nota orðið neikvætt í tengslum við skógrækt. Textinn gæti frekar verið - Skógrækt skal efla því hún hefur jákvæð áhrif á náttúrgæði en gæta þarf að menningarminjum eins og við allar framkvæmdir.	Greinargerð verður uppfærð m.t.t. ábendingar. Nota frekar orðalagið "tekið sé tillit til" en "neikvæð"
Hrútsstaðir Bergþóra Jónsdóttir	Eins má ræða eftirfarandi texta: “Skógrækt er almennt heimil á opnum svæðum. Hún skal falla vel að náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi og má ekki skerða aðgengi að útivistarsvæðum eða spilla berjalöndum.” Gæta þarf þess að aðgengi sé gott að útivistarsvæðum og að framkvæmdir, hverjar sem þær eru, skerði ekki aðgengið. Af hverju þarf að nefna þetta sérstaklega á neikvæðan hátt í tengslum við skógrækt. Skógrækt er mikilvæg og oftast á og við útivistarsvæði, gerir þau hlýlegri og skapar skjól, það mætti frekar geta þess í textanum.	Almennt orðalag sem notað er víða í greinargerðinni í tengslum við ákvæði varðandi framkvæmdir.



Hrútsstaðir Bergþóra Jónsdóttir	Varðandi berjalönd þá eru lyngtegundir eins og kræki- og bláberjalyng frumherjar í gróðurframvindu. Þegar gróður eykst þá koma aðrar tegundir inn og þessar lyngtegundir geta vikið. t.d. í þéttum greniskógum þegar þeir eru komnir til ára sinna. Það getur líka gerst ef gras-eða annar gróðurvöxtur eykst. Berjaspretta eykst líka í skóglendi, bæði vegna beitarfriðunar, skjóls og betri gróðurskilyrða. Berjategundum fjölga líka oft í skóglendi, má þar t.d. nefna hindber og villt jarðarber. Eins má nefna sveppi sem er verðmæt auðlind úr skógunum. Skógarbændur skipuleggja skóga sína þannig að þeir halda svæðum í skóginum sem berjasvæðum. Gróðurframvinda breytir landslagi og tegundum, það snýst ekki bara um skógrækt. Ég legg því til að sleppa hlutanum um aðgengi og berjalönd. Textinn verði því: „Skógrækt er almennt heimil á opnum svæðum. Hún skal falla vel að náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi.“	Greinargerð verður uppfærð m.t.t. ábendingar, þó áhersla lögð á verndun berjalands.
Hrútsstaðir Bergþóra Jónsdóttir	Margt gott er sagt um skógrækt í skjalinu s.s. að hana skuli efla sem atvinnugrein sem er vel. Tilgangur minn með þessum athugasemdum er að tala máli skógræktar og berjast gegn óþarfa neikvæðni gagnvart henni. Skógrækt líður oft fyrir neikvæðni sem byggð er á þekkingarleysi, það þarf að bæta. Við viljum hafa jákvæðan og hvetjandi texta í okkar Aðalskipulagi hér í Dalabyggð. Ég vona að tekið verði tillit til athugasemda minna. Ég vil þakka fyrir góða og mikla vinnu við endurskoðun á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032.	Kallar ekki á viðbrögð
Náttúrfræðistofnun Íslands Lovísa Ásbjörnsdóttir	Í skipulaginu er stefnt að því að binding gróðurhúsalofttegunda verði aukin, m.a. með skógrækt, og nefnt að greinin fari vaxandi í sveitarfélaginu. Rætt er að skógrækt geti haft áhrif á ýmsa þætti en það mætti fara ítarlegar í það um hvaða þætti er að ræða og leggja áherslu á að markmið um bindingu gróðurhúsalofttegunda stangist ekki á við markmið um verndun líffræðilegs fjölbreytileika. Í því samhengi má nefna að flestar tegundir vaðfugla þrífast ekki í skógum og forðast skógarjaðra sem lýsir sér þannig að þéttleiki margra tegunda er lægri nær skóginum en fjær. Því er mikilvægt að vanda valið þegar kemur að staðsetningu skógræktar til að takmarka búsvæðatap vaðfugla. Það er gert með því að planta t.d. frekar í halla og á sem minnst grónu landi. Einnig ætti að vera lögð áhersla á að nota ekki framandi ágengar tegundir í skógrækt en stafafura hefur t.d. verið skilgreind sem ágeng víða erlendis. Á uppdrætti aðalskipulagsins (vinnslutillögu) eru ekki sýnd skógræktar- og landgræðslusvæði og þau eru heldur ekki tilgreind undir kafla 17.14 um landnotkun.	Uppdráttur og greinargerð verða uppfærð m.t.t. þessa.
Náttúrfræðistofnun Íslands Lovísa Ásbjörnsdóttir	Í töflu 17.3 eru listaðar lágmarksfjarlægðir á milli takmarkandi þátta og skógræktar. Líkt og fyrir frístundabyggðir er það skoðun Náttúrfræðistofnunar að lágmarksfjarlægð frá vötnum, ám og sjó ætti að vera 100 m og að þau ættu einnig að gilda um nærliggjandi votlendi.	Miðað er við 50 m fjarlægð frá vötnum, ám og sjó, sem er í samræmi við aðrar takmarkanir sem settar eru skv. grein 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð. Ákvæðið er sett til að tryggja að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er, í samræmi við IV. kafla laga um náttúruvernd, um almannarétt, útivist og umgengni.



Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Fram kemur að skógræktarsamningar eru í gildi fyrir 45 skógræktarsvæði sem samtals taka yfir um 4.500 ha. Sett eru fram almenn skipulagsákvæði fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði en engin slík svæði eru afmörkuð á skipulagsupprætti. Skipulagsstofnun bendir sveitarfélaginu á að skoða þessa stefnu í samhengi við stefnu um landbúnaðarsvæði og skilgreiningu og afmörkun mismunandi tegunda landbúnaðarsvæða með hliðsjón af því hvar skógrækt er stunduð og hvar hún gæti verið ákjósanleg miðað við niðurstöðu flokkunar landbúnaðarlands. Einnig getur verið tilefni til að skilgreina og afmarka skógræktarsvæði af tiltekinni stærð á upprætti, sem skógræktar og landgræðslusvæði, þó umfangsminni skógrækt og skógrækt án samninga geti samræmst tilteknum landbúnaðarsvæðum.	Greinargerð og uppráttur uppfærð m.t.t. þessa. Vísað er til flokkunar landbúnaðarlands.
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Á bls. 65 kemur fram að við val á svæðum fyrir skógrækt verði sneitt hjá þekktum náttúru- og menningarminjum en þar sem það verði ekki hægt skuli gripið til mótvægisáhrifa til að lágmarka áhrif. Í almennum skipulagsákvæðum fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði þarf, að mati Skipulagsstofnunar, að skýra nánar í hverju þessar mótvægisáðgerðir geti verið fólgnar. Að öðru leyti er vísað til athugasemdar hér að framan um að afmarka mismunandi landbúnaðarsvæði á upprætti með hliðsjón af því hvers konar land/vistgerðir er um að ræða og hvaða heimildir gilda á hverju þeirra þannig að tekið sé tillit til birkiskóga við ræktun nýrra skóga.	Almennir skilmálar verða uppfærðir þar sem ákvæði eru sett um að mótvægisáðgerðir verði skilgreindar í deiliskipulagi og/eða gögnum til leyfisveitinga.
Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Umhverfisstofnun bendir á að það er hlutverk Skógræktarinnar að skilgreina birkiskóg sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga.	Í vinnslu.
Takmarkanir		
Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Í greinargerð á bls 149. er kafli sem nefnist Takmarkanir á landnotkun. Umhverfisstofnun bendir á að í 6.3. gr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er skylt að tilgreina í aðalskipulagi svæði þar sem sérstakar aðstæður kalla á takmarkanir á landnotkun, mannvirkjagerð eða umgengni. Setja skal almenn skipulagsákvæði eða skilmála til að framfylgja stefnu um takmarkanir á landnotkun í hverjum flokki og sértæk ákvæði eða skilmála eftir þörfum fyrir hvert svæði sem takmarkanir gilda um vegna verndarákvæða. Ákvæði og skilmálar skulu fela í sér nauðsynlegar takmarkanir til að bregðast við þeim sérstöku aðstæðum sem á svæðinu ríkjja, svo sem um mannvirkjagerð, umgengni og landnotkun. Þessi svæði eru svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar (d. liður). Auk þess eru það svæði, svo sem jarðmyndanir og vistkerfi, sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (e. liður).	Takmörkun á landnotkun verður yfirfarin m.t.t. þessa.



Umhverfismat		
Hafrannsóknastofnun Rakei Guðmundsdóttir	Í töflu 2.2 er fjallað um umhverfisviðmið og á hverju þau muni byggjast við gerð Aðalskipulagsins. Þar kemur fram að tryggja skuli aðgengi allra að hreinu vatni og að nýting þess sé sjálfbær. Fram kemur að þetta byggist á Heimsmarkmiði 6 (HMS-6) en Hafrannsóknastofnun vill benda á að það viðmið skuli einnig byggjast á lögum og reglugerð um stjórn vatnamála (lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011). Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála má ástandi vatnshlota (strandsjór og ferskvatnsvistkerfi) ekki hnigna vegna athafna manna.	Umhverfisskýrslan verður uppfærð m.t.t. ábendingar.
Hagsmunir.is Arnór Björnsson o.fl.	Minnt er á að framkvæmdin fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Að okkar mati er ljóst að verkefnið fellur undir rammaáætlun en framkvæmdin hefur engu að síður ekki verið send inn til verkefnisstjórnar með rammaáætlun og því óskiljanlegt að sveitarstjórn geri ráð fyrir að breyta skipulagi fyrir verkefni sem hefur enga stöðu er varðar orkunýtingaráætlun. Til upplýsinga þá liggur nú fyrir frumvarp á þingmálaskrá Alþingis um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/ 2011 þar sem aðlaga á lögina betur sérstöðu vindorkunnar og hvetjum við Dalabyggð til þess að bæta því við í lýsinguna að framkvæmdin falli undir rammaáætlun og taka þar með af allan vafa um að sveitarfélagið ætli sér ekki að fara gegn þeim lögum sem um þessi mál gilda.	Athugasemdin varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Tillaga að matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum vindorkuversins að Hróðnýjarstöðum lá fyrir vorið 2019 og fyrir vindorkuverið á Sólheimum í ársbyrjun 2020. Umhverfismatsferlinu er ekki lokið og liggur álit Skipulagsstofnunar því ekki fyrir.
Landsnet Einar S. Einarsson	Í kafla 5.2. í umhverfisskýrslu vinnslutillögunnar kemur fram að þar komi fram samantekt á samræmi aðalskipulagsins við stefnu stjórnvalda og sveitarfélaga og vísað til þeirrar stefnu í einstökum köflum greinargerðarinnar. Landsnet væntir þess að framangreind stefnumörkun um uppbyggingu flutningskerfis raforku og viðmið og meginreglur varðandi lagningu raflína verði þar á meðal.	Umhverfisskýrslan verður uppfærð m.t.t. ábendingar.
Úrgangur		
Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Umhverfisstofnun bendir á að umhverfisráðherra gaf út, í júní 2021, nýja stefnu um meðhöndlun úrgangs, sem nefnist <i>Í átt að hringrásarhagkerfi</i> . ^[1] Þegar kemur að innleiðingu stefnu um hringrásarhagkerfi er um að ræða tvær stefnur ráðherra sem mynda sameiginlega heildarstefnu í úrgangsmálum. Annars vegar stefna um úrgangsforvarnir sem kom út í fyrsta sinn árið 2016 og gildir til 2027 og nefnist hún Saman gegn sóun og hins vegar Almenn stefna um meðhöndlun úrgangs 2021-2032.	Uppfæra greinargerð í samræmi við samþykkt sveitarstjórnar á fundi 10. feb. 2022 um svæðisáætlun úrgangsmála á Vesturlandi.
Veðurfar		
Veðurstofan Árni Snorrason	3.4 Veðurfar: Enn er starfrækt veðurskeytastöð í Ásgarði, en árið 2003 var bætt þar við sjálfvirkri stöð. Bæta mætti við að til samanburðar var meðalársúrkoma í Reykjavík 855 mm á árunum 2010-2019. Sömuleiðis má gera ráð fyrir meiri úrkomu utar, einkum á Skarðsströnd, vegna minna	Uppfæra greinargerð m.t.t. þessa.



	skjóls og úrkomumögnunar fjalla. Fella mætti setninguna „Í Dalabyggð er því ...“ niður. Laga þarf texta við mynd 3.6, þar er auka „9“.	
Vegir		
Vegagerðin Sigurður Friðgeir Friðriksson	Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.	Greinargerð uppfærð m.t.t. þessa.
Vegagerðin Sigurður Friðgeir Friðriksson	Vegagerðin mælir með að helstu vegir í umsjá Vegagerðarinnar verði auðkenndir í aðalskipulagi. Að lágmarki á skýringarkorti fyrir vegi. Um vegi í umsjá Vegagerðarinnar gilda sérstök lög og reglur og æskilegt að þeir séu auðkenndir vegna áframhaldandi skipulagsvinnu og annarrar vinnu er byggir á aðalskipulagi á einhvern hátt	Greinargerð og kort yfirfarin m.t.t. þessa.
Vegagerðin Sigurður Friðgeir Friðriksson	Vegagerðin bendir á að skilgreining í vinnslutillögu „aðrir vegir“ eru ekki allir þjóðvegir.	Í vinnslu.
Vegagerðin Sigurður Friðgeir Friðriksson	Umferðaröryggi á þjóðvegum byggist m.a. á fjölda og þéttleika vegamóta/tenginga. Veghönnunarreglur kveða á um lágmarks fjarlægð á milli vegamóta/tenginga	Greinargerð uppfærð m.t.t. þessa.
Vegir í náttúru Íslands		
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Í vinnslutillögunni kemur fram að unnin hafi verið skrá yfir vegi í náttúru Íslands, sbr. 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands samkvæmt lögum um náttúruvernd, en vegaskráin fylgdi ekki vinnslutillögunni. Minnt er á að eiga þarf samráð um gerð tillögu að vegaskránni við Umhverfisstofnun, Vegagerðina, Landmælingar Íslands, náttúru og umhverfisverndarsamtök, Samtök ferðaþjónustunnar o.fl., sbr. 2. gr. ofangreindrar reglugerðar. Nauðsynlegt er að eiga samráð við þessa aðila áður en aðalskipulagið og vegaskráin eru endanlega samþykkt og senda Vegagerðinni tillögu að stafrænni skrá til rýni til að tryggja gæði gagna. Vegaskránni þarf að skila í sér skrá á stafrænu formi samhliða afgreiðslu á aðalskipulagi til staðfestingar og í því samhengi er bent á leiðbeiningar sem eru að finna á vef Skipulagsstofnunar um gerð vegaskrár og högun og skil á gögnum.	Í vinnslu.
Umhverfisstofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Umhverfisstofnun bendir á að æskilegt hefði verið að kort í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands hefði fylgt erindinu.	Í vinnslu.



Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í 3. mgr. ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skuli sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásjúnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum.	Í vinnslu.
Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Við flokkun vega skal einnig tiltaka sérstaklega á hvað tíma árs heimilt er að nota veginn eða hvort umferð um hann er takmörkuð við ákveðna tegund ökutækja eða tilgang umferðar, svo sem vegna smalamennsku, veiði, eftirlits og viðhalds orku- og veitumannvirkja eða rannsókna. Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningar Skipulagsstofnunar varðandi þennan þátt á heimasíðu stofnunarinnar https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturuislands/vegirinatturuislands_v4.pdf	Í vinnslu.
Veiði		
Hafrannsóknastofnun Rakel Guðmundsdóttir	Í Dalabyggð eru fjölmargar ár og vötn þar sem veiðinýting er stunduð. Flestar veiðiár í Dölum einkennast af litlum vatnasviðum en árnar eru hins vegar almennt frjósamar með afrennsli af láglendum heiðum og grónum vatnasviðum (Sigurður Már Einarsson og Valdimar Gunnarsson, 1988). Árnar í Dölum eru almennt mjög laxauðugar þar sem veiðinýting á laxi öflug og stunduð með sjálfbærum hætti. Þannig eru alls 14 skráðar laxveiðiár í Dalabyggð og meðalveiði á stangveiddum laxi í Dölum er samtals 3.124 laxar tímabilið 1985 -2020 (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2021). Laxá í Dölum (1153 laxar) og Haukadalsá (634 laxar) eru afkastamestu veiðiárnar, en aðrar ár eru yfirleitt með minna en 200 laxa árlega veiði (mynd 1). Veiðiréttur fylgir landi og ber veiðiréttarhöfum að mynda veiðifélög. Veiðifélögin bera ábyrgð á veiðistjórnun til sjálfbærrar nýtingar skv. markmiði laga nr. 61/2008. Í sumum tilfellum selja veiðifélög veiðileyfi en algengast er að veiðiréttur sé boðin út á markaði og samið við hæstbjóðandi leigutaka að veiðirétti sem síðan sér um sölu veiðileyfa. Veiðinýting færir fé úr þéttbýli til dreifbýlis og er víða mikilvægur þáttur í afkomu fólks í dreifðum byggðum. Auk þess skapast gjaldeyrir þegar um erlenda veiðimenn er að ræða. Veiðinýting á laxi er afar arðbær og tekjur af veiðinni til handhafa veiðiréttar eru verulegar og styðja án efa verulega við búsetu í sýslunni. Árið 2018 er á landsvísi áætlað að rekja megi tæplega 9 milljarða landsframleiðslu beint til lax og silungsveiða (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2018).	Umfjöllun um laxveiðiár og veiðinýtingu verður bætt inn í kafla 6 um auðlindir, auk stefnu í kafla um atvinnumál (kafla 11).
Veitur		
Rarik Björn Sverrisson	"Dreifikerfi á vegum Orkubús Vestfjarða er auk þess í Gilsfirði, nánar tiltekið í Ólafsdal og yfir fjörðin sem og í botni fjarðarins." Hér er um ónákvæmni í texta í skjalinu "ASK-Dalabyggðar-GRG-vinnslutillaga-minni-ID176795.pdf" á bls. 90.	Greinargerð og uppdráttur leiðrétt með tilliti til þessa.



	Þetta á ekki lengur við hvað Ólafsdal varðar, sem tengist núna inn í Saurbæ við dreifikerfi RARIK með um 8 km löngum háspennustreng.	
Rarik Björn Sverrisson	Í innsendum umsögnum um Kerfisáætlun Landsnets 2021-2030 er ábending frá Sambandi sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) varðandi aðgerðir til að tryggja afhendingaröryggi á Snæfellsnesi. Í því sambandi er bent á hringtengingu á Snæfellsness með því að tengja Vogaskeið við Glerárskóga með jarðstreng, sæstreng eða loftlín. Í sömu veru eru umsagnir frá Grundarfjarðarbæ og Stykkishólmsbæ varðandi Kerfisáætlun Landsnets 2021-2030 um tengingu milli Vogaskeiðs og Glerárskóga. Þá hafði RARIK gert ráð fyrir tengingu á milli Vogaskeiðs og Glerárskóga í sínum áætlunum þ.e. áður en Landsnet var stofnað og var einnig gert ráð fyrir þessari tengingu í eldri Kerfisáætlunum Landsnets.	Stefna um hringtengingu sett í greinargerð og tilgreint hvaða forsendur gefi tilefni til skipulagsbreytingar.
Rarik Björn Sverrisson	Til fróðleiks má geta þess að unnið er að endurnýju dreifilína í Dalabyggð miðað við endurnýjunaráætlun 202-2025 og er stefnt á að endurnýja dreifilínu frá Skerðingsstöðum að Lyngbrekku á Fellströnd í sumar með lagningu 42 km háspennustrengs. Einnig verður dreifilína að Fremri- og Neðri-Hundadal í Miðdölum endurnýjuð með 2,5 km háspennustreng, og í kjölfarið gefst þessum notendum kostur á þriggja fasa rafmagni.	Umfjöllum bætt inn í greinargerð í samræmi við fund bæjarráðs með Rarik þann 27.1.2022. Umfjöllun um þrífösun rafmagns á bls. 92 uppfærð.
Landsnet Einar S. Einarsson	Á bls. 90 í greinargerð tillögunnar er fjallað um rafveitu, þar sem m.a. er greint frá Glerárskógalínu 1 og Geiradalslínu 1 og tengivirki sem þær tengjast. Um er að ræða mannvirki sem eru hluti af meginflutningskerfi Landsnets og ætti að koma fram í textanum, til samræmis við umfjöllun um aðrar línur og rekstraraðila þeirra	Tillagan verður uppfærð m.t.t. ábendingar.
Landsnet Einar S. Einarsson	Á bls. 91 í greinargerð tillögunnar er fjallað um jarðstrengi og þar segir m.a. „Algengara er að jarðstrengir séu lagðir í jörðu nú en áður til að draga úr sjónrænum áhrifum og auka afhendingaröryggi.“ Landsnet telur rétt að benda á í þessu samhengi að þrátt fyrir að aukning hafi verið á lagningu jarðstrengja undanfarin misseri, bæði vegna endurnýjunar eldri tenginga sem og lagning nýrra, þá hefur sú aukning að langmestu leyti einskorðast við lágspennntari kerfi. Eins og fram kemur síðar í texta á bls. 91 þá eru tæknilegar takmarkanir á því hversu langa jarðstrengi hægt er að leggja í flutningskerfi raforku. Ástæða er til að áréttast að þær takmarkanir ráðast annars vegar af rekstrarspennu línunnar, en mun minna svigrúm er til að leggja raflínur af hærri spennu í jörðu (sem á við um línur í meginflutningskerfinu) en af lægri spennu. Hins vegar er styrkur flutningskerfisins á milli landsvæða ein meginástæða þess að svigrúm til jarðstrengslagna er mismunandi. Þar sem kerfið er sterkt er meira rými til þess heldur en þar sem styrkurinn er lítill. Hafa þarf framangreint í huga og samhliða taka mið af stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, en Alþingi hefur sett fram stefnu um uppbyggingu flutningskerfis raforku og viðmið og meginreglur varðandi lagningu raflína 1,2 sem höfð er að leiðarljósi við uppbyggingu flutningskerfis raforku. Þar er mótuð sú stefna um að þegar um	Tillagan verður uppfærð m.t.t. ábendingar. Aukin áhersla sett á afhendingaöryggi og jarðstrengi í því samhengi.



	meginflutningskerfi raforku er að ræða skuli meginreglan vera sú að notast sé við loftlínu. Í undantekningartilvikum sé hægt að víkja frá þeirri meginreglu, sem nánar er fjallað um í stefnunni. Í lágsþenntari landshlutakerfum raforku skuli meginreglan vera að notast við jarðstrengi, sé slíkt tæknilega raunhæft og kostnaður ekki meiri en tvöfaldur á við loftlínu.	
Verslun og þjónusta		
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Í skipulagsákvæðum fyrir verslunar- og þjónustusvæði í dreifbýli er á sjö stöðum vísað í ákvæði reglugerðar nr. 1277/2016, nánar tiltekið flokk IV-b, varðandi umfang gististarfsemi. Þetta heimilar rekstur stærra gistiheimilis á þessum stöðum þ.e. útleigu allt að 6 herbergja og rými fyrir fleiri en 10 gesti. Auk þess er á sumum þessara svæða heimilt að koma fyrir útleiguhúsum. Setja þarf skýrari stefnu um umfang mannvirkja og hámarksfjölda gesta sem getur dvalið á gistiheimilum og í gistiskálum á hverju verslunar- og þjónustusvæði fyrir sig m.a. með tilliti til áhrifa á innviði eins og samgöngur, vatns og fráveitumál og þörf fyrir frekari uppbyggingu innviða.	Almennir skilmálar verða uppfærðir m.t.t. þessa
Vindorka		
Hagsmunir.is Arnór Björnsson o.fl.	Við undirrituð mótmælum harðlega þeim áformum sveitarstjórnar Dalabyggðar sem fram koma í vinnslutillögu Aðalskipulags Dalabyggðar 2020 – 2032 þar sem gert er ráð fyrir stórtækri breytingu á aðalskipulagi sem lýtur að uppbyggingu stórtæks iðnaðar það er vindorkuvers að Hróðnýjarstöðum í nágrenni við jarðeignir okkar og heimili.	Skipulagsferli vegna vindorkuvera að Hróðnýjarstöðum og á Sólheimum í Dalabyggð hófst í vorið 2019 með samhliða kynningu skipulags- og matslýsinga fyrir hvort orkuver. Tillaga að aðalskipulagsbreytingum var auglýst í árslok 2020. Tillögurnar voru samþykktar í sveitarstjórn þann 15. apríl 2021 og teljast því stefna sveitarfélagsins. Skipulagsbreytingarnar hafa ekki hlotið staðfestingu og eru því enn í skipulagsferli. Endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar hófst í ársbyrjun 2020 eða ári eftir að skipulagsferli aðalskipulagsbreytinga vindorkuveranna hófst. Ekki var gert ráð fyrir að skipulag vindorkuveranna yrði tekið með sem hluti af endurskoðuninni, enda yrðu skipulagsbreytingarnar þar með í tveimur samhliða málsmeðferðum. Einnig var gert ráð fyrir að skipulagsbreytingar vegna orkuveranna hefðu tekið gildi áður en nýtt aðalskipulag tæki gildi.
Hagsmunir.is Arnór Björnsson o.fl.	<i>“Í Dalabyggð er í vinnslu mat á umhverfisáhrifum tveggja vindorkugarða, þ.e. í landi Sólheima og Hróðnýjarstaða. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna liggur ekki fyrir.”</i> Hér er gerð alvarleg athugasemd við að sveitarfélagið Dalabyggð leggi til að stórtækar skipulagsbreytingar verði staðfestar fyrir iðnaðarsvæði með vindorkuverum áður en mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram og eða álit skipulagsstofnunar liggur fyrir.	Skipulagsbreyting vegna vindorkuveranna er ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar. Gert er ráð fyrir að skipulagsbreytingar vegna orkuveranna hafi tekið gildi áður en nýtt aðalskipulag verður auglýst.



Hagsmunir.is Arnór Björnsson o.fl.	Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna áforma um uppbyggingu umfangsmikillar vindorkuvirkjunar í miðju landbúnaðarhéraði er án nokkurra fordæma á landsvísu og er ljóst að svo umfangsmikil raforkuframleiðsla með tugum risavaxinna vindmylla, allt að 200 m hæð, í mikilli nálægð við heimili fólks, frístundasvæði, útivistarsvæði, hefðbundinn landbúnað og laxveiðiár getur aldrei orðið í sátt við samfélag þeirra sem hér búa og starfa og er til þess fallin að valda öllum hlutaðeigandi miklu fjárhagstjóni og skerðingu á upplifun og lífsgæðum til frambúðar. Við fordæmum þau vinnubrögð sveitarstjórnar að senda frá sér stefnuskjal sem þetta fyrir hönd íbúa þar sem finna má órökstuddar og ósannar fullyrðingar eins og þá að þessi staðsetning uppfylli allar helstu kröfur sem gerðar eru um fjarlægð slíkra vindorkuvera frá helstu ferðaleiðum, göngu- og reiðleiðum, ferðamannastöðum og mannbústöðum. Bæði skipulagsfulltrúi Dalabyggðar og starfsfólk Eflu sem skrifa skýrsluna hafa staðfest að engar slíkar kröfur eru til á Íslandi og því ljóst að verið er að villa um fyrir lesendum með þessari fullyrðingu. Auk þess er staðarvalið í algjöru ósamræmi við gildandi svæðisskipulagsstefnu Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar. Við teljum að virkjun sem þessi muni hafa stórkostleg neikvæð áhrif á umhverfi, dýralíf og mannlíf Dalabyggðar með óafturkræfum hætti, auk þess sem engin þörf er á þessari orku á landinu. Þá yrði fjárhagstjón fyrir íbúa, sveitarfélagið og ríkið gríðarlegt eins og rökstutt verður hér á eftir.	Ákvörðun um heimild fyrir vindorkuver í aðalskipulagi er afturkræf, enda veitir hún ekki sjálfkrafa heimild til framkvæmda. Í endurskoðun aðalskipulagsins er sett fram tillaga um að mótuð verði stefna um hvort og hvar kemur til álita að byggja upp orkuframleiðslu. Í þeirri stefnu verður tekið mið af leiðarljósi skipulagsins um m.a. hægð stefnu Cittaslow og verndun náttúru, sögu og menningar, en einnig þörfum samfélagsins fyrir sjálfbæra orku. Eitt af markmiðum aðalskipulagsins um auðlindir er að kannaðir verði möguleikar á nýtingu vindorku og að þess skuli gætt að uppbygging vindorkuvera falli sem best að landslagi, lífríki og annarri landnotkun. Á bls. 35 segir einnig: „Dalabyggð mun leggja áherslu á að á skipulagstímabilinu verði mótuð stefna um hvar kemur til álita að reisa ný vindorkuver í sveitarfélaginu. Í þeirri stefnu verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Stefnan mun byggja á stefnu stjórnvalda um nýtingu vindorku þegar nánari stefnumótun á landsvísu liggur fyrir, 27 svo og viðmiða í lögum og reglugerðum sem varða skipulagsmál með tilliti til vindorkuvera. Fyrr er þess getið að tvö vindorkuver eru í skipulagsferli í sveitarfélaginu og reiknað er með að því ferli ljúki óháð ofangreindri stefnumótun Dalabyggðar um vindorkuver.“ Komi til áforma um frekari orkuvinnslu, verða þau tekin til álita í samræmi við þá stefnu sem Dalabyggð hefur sett sér í nýju aðalskipulagi.
Hagsmunir.is Arnór Björnsson o.fl.	Engin framkvæmd gæti hugsanlega haft eins mikil sjónræn áhrif og þessi. Vindmyllurnar munu sjást í tuga kílómetra fjarlægð og ekki nóg með að hér sé um stór og áberandi mannvirki að ræða, sem breyta ásýnd landsins gríðarlega, heldur eru þessi mannvirki á stöðugri hreyfingu og búin blikkandi ljósum sem valdið geta miklu áreiti þegar dimma tekur. Allt fyrirhuguð framkvæmdasvæði er á landi sem flokkast sem votlendi samkvæmt skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands og ef leggja á vegi og byggja undirstöður fyrir 40 vindmyllur á þessu svæði þá þarf að þurrka upp það votlendi með tilheyrandi losun á koltvísýringi. Þess háttar rask mun einnig hafa áhrif á vatnsbúskap Slýjuvatns, Lambhagavatns og Neðstavatns sem þá hefði tvöföld áhrif á Þverá sem rennur í Fáskrúð, eina af bestu laxveiðiám landsins og setur þar með alla uppbyggingu þar í uppnám.	Vísað er til umhverfismats framkvæmda og skipulagsferilsins og þeirra mótvægisáðgerða sem þar eru lagðar til. Unnið er að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda fyrir bæði vindorkuverin, en því ferli er ekki lokið. Í matsskýrslum er fjallað um mögulegar mótvægisáðgerðir og í áliti Skipulagsstofnunar verða einnig lagðar til mótvægisáðgerðir. Útgáfa framkvæmda- og starfsleyfa tekur mið af áliti Skipulagsstofnunar og þeim mótvægisáðgerðum sem þar eru lagðar til.
Hagsmunir.is Arnór Björnsson o.fl.	Í skjalinu segir að Hróðnýjarstaðir liggja utan mikilvægra fuglasvæða, en ef lesin er blaðsíða 230 í riti Náttúrufræðistofnunar Íslands “Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi” þá má sjá að þar er Laxárdalsheiði skilgreind sem mjög mikilvægt fuglasvæði. Einnig má þar sjá að skilgreining á svæðinu sem kallað er Laxárdalsheiði er „heiðarlöndin sem liggja á milli Hvammsfjarðar og	Athugasemdin varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins.



	Hrútafjarðar“ og er erfitt að sjá hvernig Hróðnýjarstaðir falla fyrir utan það. Vitað er að vindmyllur hafa gríðarlega mikil neiðkvæð áhrif á fuglalíf. Í Noregi hafa vindmyllur drepit hundruð hafarna auk annara fuglategunda. Sjá til dæmis skýrslu sem Náttúrufræðistofnun Noregs lét gera um fugladauða við vindorkuvirkjun þar í landi. Við Breiðafjörð er aðal búsvæði hafarnarins á Íslandi auk þess sem aðrir friðaðir fuglar eins og álft og himbrimi halda mikið til á svæðinu sem kallað er Laxárdalsheiði. Auk þess koma til dæmis gæsir í hundraða eða þúsunda tali framan af heiðinni á haustin og lenda á tünnum Hróðnýjarstaða, Vígholtsstaða, Spágilsstaða og nágrenni. Auk þessa verpur himbrimi á svæðinu og umtalvert er af rjúpu en þekkt er að rjúpur geta orðið illa fyrir barðinu vegna vindorkuvera. Verður að teljast fráleitt út frá þessum staðreyndum að setja upp svo mikið sem eina vindmyllu á þessu svæði. Það að halda því fram að jörðin sé utan mikilvægra fuglasvæða er rangt en nokkuð ljóst er að einungis er verið að tala um í landfræðilegu tilliti en ekki með tilliti til þeirrar hættu sem fuglum gæti skapast af áflugi við vindmyllur enda hefur Náttúrufræðistofnun ekki kortlagt mikilvægi fuglasvæða m.t.t. áflugshættu.	
Hagsmunir.is Arnór Björnsson o.fl.	Augljóst er að ekki nokkur maður kys að búa svo nálægt vindorkuvirkjun af þessari stærðargráðu, enda hafa rannsóknir og reynsla í öðrum löndum sýnt að svo mikið náþýli við þess konar virkjanir eru heilsuspillandi. Fjölmargar greinar hafa verið skrifaðar um þau vandamál sem náþýli við þessar virkjanir skapa fólki, til dæmis í Danmörku, Noregi og Þýskalandi. Hlutir eins og lágtíðnihljóð, skuggaflökt, áreiti af blikkljósum og stöðugri hreyfingu eru til þess fallnir að valda íbúum miklum óþægindum og hafa neikvæð áhrif á heilsu fólks og verðmæti eigna. Möguleikar nágrenna á nýtingu lands og fasteigna sinna rýrast einnig verulega. Fjárhagsleg áhrif á íbúa verði af byggingu þeirra vindorkuvirkjana sem nú eru áformaðar í Dalabyggð, þá mun ferðaþjónusta í héraðinu meðal annars bíða hnekki og fjöldi fólks verða fyrir fjárhagstjóni. Í Dalabyggð er all nokkur frístundabyggð og margar af bestu laxveiðiám landsins eru í héraðinu, þar á meðal Laxá og Fáskrúð sem báðar verða fyrir beinum og neikvæðum áhrifum af virkjununum. Fyrirhugaðar framkvæmdir stefna ofangreindu í stórhættu með tilheyrandi fjárhagstjóni fyrir landeigendur og aðra sem sinna ferðaþjónustu á svæðinu, með framkvæmdunum er verið að rýra stórlega upplifun bæði íbúa og gesta sem njóta vilja lítt snortinnar náttúru.	Athugasemdin varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins.
Hagsmunir.is Arnór Björnsson o.fl.	Verðmæti fasteigna og jarða á svæðinu munu falla verulega í verði eins og sýnt hefur sig víðsvegar á erlendra grundu sem sambærileg vindorkuver hafa verið reist. Þeir sem hafa kynnt sér orkumál á Íslandi, sjá að það er engin þörf á vindorkuframleiðslu í landinu þar sem þegar er framleidd talsverð umfram orka með endurnýjanlegum hætti. Einkafyrirtækin sem nú ráðgera að reisa vindorkuvirkjanir víða um land, geta ekki gert það nema með svokölluðum take-or-pay samningi, sem þýðir að þá kaupir ríkið (Landsvirkjun) alla orku sem vindmyllurnar framleiða. Á meðan standa aðrar virkjanir sem þjóðin hefur þegar fjárfest í kyrrar og nýttast engum. Þörf er á miklum og kostnaðarsömum breytingum hjá Landsneti sem er ekki með búnað til að höndla orkugjafa eins og vindorku sem kemur inn og fer út mörgum sinnum á dag. Fjárfesting í nýrri	Vísað er til tillagna að skipulagsbreytingu vegna orkuveranna að Hróðnýjarstöðum og á Sólheimum, sem og umhverfismats framkvæmdanna. Í umhverfismati framkvæmdarinnar og skipulagsferlinu skal skv. lögum fjalla um áhrif framkvæmdarinnar á samfélagslega þætti eins og eignir og efnisleg verðmæti. Tillaga að matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum vindorkuversins að Hróðnýjarstöðum lá fyrir vorið 2019 og fyrir vindorkuverið á



	tegund orkuvera sem þessum lendir því á herðum skattborgara á endanum. Ekki hefur verið sýnt fram að fjárhagslegan ávinningur fyrir sveitarfélagið til lengri tíma, heldur mun einvörðungu verða atvinna á meðan framkvæmdum stendur. Verði þessar skipulagsbreytingar að veruleika og verði af áformum um byggingu umræddra vindorkuvirkjana, mun sveitarfélagið verða á móti skaðabótaskyldu gagnvart hagsmunaaðilum í nágrenninu vegna verðmætarýrnunar á eignum, skerðingar á lífsgæðum og upplifunar og takmörkunar á nýtingu jarða og annara eigna í nágrenninu um ókomna framtíð.	Sólheimum í ársbyrjun 2020. Umhverfismatsferlinu er ekki lokið og liggur álit Skipulagsstofnunar því ekki fyrir.
Hagsmunir.is Arnór Björnsson o.fl.	Páll Rúnar M. Kristjánsson hæstaréttarlögmaður hefur kynnt sér mál fyrir undirrituð og skilað álit: „Umræddar skipulagsbreytingar miða að því að skapa ákveðnum aðilum fjárhagslegan ábata með breytingum sem hafa neikvæðar fjárhagslegar afleiðingar í för með sér fyrir aðra. Þannig er skipulagsvaldinu beitt til að búa til eignaaukningu eins aðila en kalla um leið fram eignaskerðingu annars aðila. Úr verður veruleg skerðing á verðmæti nærliggjandi eigna án þess að fyrir slíku sé rökbundin nauðsyn. Við þær aðstæður skapast, lögum samkvæmt, bótaskylda þess sem fer með skipulagsvaldið og ljóst að sveitarfélagið mun þurfa að greiða umbjóðendum mínum bætur fyrir þá verðmætarýrnun sem verður á eignum þeirra. Sú greiðsluskylda mun fyrirsjáanlega verða umtalsverð. Umbjóðendur mínir hafa látið framkvæma bráðabirgðamat á slíkum bótarétti og af því má ráða að um sé að ræða kröfu sem fyrirsjáanlega verður yfir milljarði króna. Fullyrða má að sá bótaréttur mun sóttur að fullu og mun það gert með atbeina dómstóla ef þess reynist nauðsyn.“ Umrætt bótaákvæði er í 1. mgr. 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hljóðar svo: „Leiði skipulag eða breyting á skipulagi til þess að verðmæti fasteignar skerðist verulega, umfram það sem við á um sambærilegar eignir í næsta nágrenni, á sá er getur sýnt fram á tjón af þeim sökum rétt á bótum frá viðkomandi sveitarfélagi.“ Um þetta eru til nokkrir dómar, m.a. þessir tveir: • Mosfellsbæjardómarnir (Hrd. 542-547/2015): Sveitarfélag var dæmt til að greiða aðilum bætur þar sem sannað var í málinu að breyting á deiliskipulagi (stækkun grunnskóla í næsta nágrenni) hefði lækkað verðmæti fasteignanna. • Stjórnuþing III (Hrd. 523/2011): Sveitarfélag dæmt til að greiða eigendum jarða bætur v. Skipulags. Með skipulaginu var heimilað að reisa svínabú á aðliggjandi jörð og var talið sannað að lyktarmengun o.fl. hefði valdið lækkun á verðmæti jarðarinnar og væri veruleg og sérstök skerðing.	Vísað er til tillagna að skipulagsbreytingu vegna orkuveranna að Hróðnýjarstöðum og á Sólheimum, sem og umhverfismats framkvæmdanna. Í umhverfismati framkvæmdarinnar og skipulagsferlinu skal skv. lögum fjalla um áhrif framkvæmdarinnar á samfélagslega þætti eins og eignir og efnisleg verðmæti. Tillaga að matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum vindorkuversins að Hróðnýjarstöðum lá fyrir vorið 2019 og fyrir vindorkuverið á Sólheimum í ársbyrjun 2020. Umhverfismatsferlinu er ekki lokið og liggur álit Skipulagsstofnunar því ekki fyrir.
Hagsmunir.is Arnór Björnsson o.fl.	Þá kemur fram í skipulagsgerð „Helstu þættir sem ráða staðarvali vindorkuvera eru; vindur, nálægð við flutningskerfi raforku, fjarlægð frá mannaþöðum, ferðamannastöðum og helstu ferðaleiðum. Forsendur fyrir breytingunni eru að landið er talið henta vel fyrir vindorkuver þar sem staðsetningin uppfyllir allar helstu kröfur sem gerðar eru til slíkra svæða.“ Þessi fullyrðing að staðsetningin uppfylli allar helstu kröfur sem gerðar eru, er ekki studd neinum heimildum og er beinlínis röng og verður að teljast grafalvarlegt að yfirvald setji frá sér skjal sem þetta með fullyrðingum og yfirlýsingum sem eiga við engin rök að styðjast. Bæði skipulagsfulltrúi Dalabyggðar og starfsmenn verkfræðistofunnar Eflu hafa viðurkennt að þær kröfur sem vísað	Athugasemdir varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins.



	er til hér séu ekki til. Verður að teljast í hæsta máta óeðlilegt og jafnvel ólöglegt að setja fram slíkar fullyrðingar í opinberu skjali sem þessu.	
Hagsmunir.is Arnór Björnsson o.fl.	Komið er inn á að megin markmið með aðalskipulagsbreytingunni sé að staðsetja nýtt iðnaðarsvæði í landi Hróðnýjarstaða og gera grein fyrir tengingum þess við nauðsynleg veitukerfi, s.s. vegi og háspennulínur. Hins vegar er í skýrslunni hvergi gert grein fyrir hvar vegir að svæðinu muni liggja.	Athugasemdin varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins.
Hagsmunir.is Arnór Björnsson o.fl.	Í texta í greinargerð um skilgreint svæði vegna vindorku við Hróðnýjarstaði er hvergi minnst á harðorð mótmæli nágranna og eða látið í skína að þær athugasemdir skipti máli í þessu samhengi eða eigi ekki við á þessu stigi málsins. Það er í hæsta máta óeðlilegt að íbúum sé gefinn kostur á að senda inn athugasemdir en þær athugasemdir hafi svo verið hunsaðar á öllum stigum máls af hálfu sveitarfélagsins Dalabyggðar og aldrei gerð tilraun til að færa fram svör með haldbærum rökstuðningi.	Athugasemdin varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins.
Hagsmunir.is Arnór Björnsson o.fl.	Fullyrt er í greinargerð að áformin séu í samræmi við Landsskipulagsstefnu. Að okkar mati er svo ekki og stríðir breytingin m.a. gegn eftirfarandi þáttum í Landsskipulagsstefnu: Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks. Að skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem til ræktunar, ferðaþjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag. Að skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst í byggingararfi og landslagi.	Athugasemdin varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins.
Hagsmunir.is Arnór Björnsson o.fl.	Fullyrt hefur verið á ýmsum skipulagsstigum að stefnan sé í samræmi við svæðis- og landsskipulagsstefnu. Má þar nefna um áherslur á landslagsheildir og víðerni og margt fleira sem breytingin felur í sér er í algjöru ósamræmi við aðrar helstu meginstefnur sem aðalskipulagi sem þessu er gert að taka mið af.	Athugasemdin varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins.
Hagsmunir.is Arnór Björnsson o.fl.	Ekki verður séð að vindorkuver við Hróðnýjarstaði sé heldur í tengslum við kerfisáætlun og eða aðrar áætlanir varðandi orkumál og jafn fráleitt er því að ætla sem fram hefur komið af hálfu framkvæmdaaðila og sveitarfélagsins að orkan verði nýtt í heimabyggð og efli atvinnulíf enn frekar. Fátt bendir til annars en að ætluð framleiðsla muni eiga að renna beint inn á landsnetið óháð staðsetningu í Dalabyggð. Með þessu er verið að gefa í skyn að atvinnulíf í Dalabyggð geti ekki vaxið í dag vegna orkuskorts. Við gerum athugasemd við þetta þar sem ekkert bendir til að orkuskortur standi atvinnulífi Dalabyggðar fyrir þrífum. Við gerum því alvarlegar athugasemdir við að einungis jákvæð áhrif af áformuðu vindorkuveri verði á samfélag á svæðinu, því sannarlega má halda því á lofti að þessu sé einmitt öfugu farið.	Athugasemdin varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins.



Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Hér verður gerð grein fyrir athugasemdum vegna vinnslutillögu Aðalskipulags Dalabyggðar. Vegna þunga málsins er megináhersla athugasemda við áform og stefnu um stórfellda uppbyggingu vindorkuvera í sveitarfélaginu. Það er mat Landverndar að í þessari vinnslutillögu sé mikið ósamræmi í nokkrum þeim markmiðum sem sett eru fram í skipulaginu. Í greinargerðinni birtist metnaðarfull stefna í umhverfis- og náttúruvernd og stefna um víðtæka mengandi iðnaðarstarfsemi í lítt snortinni náttúru og víðernum á heiðarlendum Dalabyggðar. Það er ekki er hægt hvoru tveggja í senn að markaðsetja sveitarfélagið með jákvæðri umhverfis ímynd, uppbyggingu ferðaþjónustu eða heilbrigðrar upplifunar gesta með metnaðarfullum texta á sama tíma og stefnt er að gríðarlegum áformum um uppbyggingu iðnaðarsvæða með áður óþekktu inngripi í náttúru og landslagsheildir / víðerni. Áformuð uppbygging og stærðir þeirra vindorkuvera sem sett eru á dagskrá í vinnslutillögu þessari á aðalskipulaginu og sjá má m.a. á uppdretti meðfylgjandi skipulaginu, samræmast því á engan hátt öðrum þeim markmiðum sem sett eru fram er varðar umhverfistengda þætti, innviði og samfélag á svæðinu.	Endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar hófst í ársbyrjun 2020 eða ári eftir að skipulagsferli aðalskipulagsbreytinga vindorkuveranna hófst. Ekki var gert ráð fyrir að skipulag vindorkuveranna yrði tekið með sem hluti af endurskoðuninni, enda yrðu skipulagsbreytingarnar þar með í tveimur samhliða málsmeðferðum. Einnig var gert ráð fyrir að skipulagsbreytingar vegna orkuveranna hefðu tekið gildi áður en nýtt aðalskipulag tæki gildi. Í vinnslutillögu að heildarendurskoðun aðalskipulagsins er því ekki fjallað sérstaklega um vindorkuverin að Hróðnýjarstöðum og á Sólheimum. Á skipulagsupprættinum eru iðnaðarsvæðin auðkennd sem svæði í skipulagsferli og í kafla 11.6 um iðnaðar- og athafnasvæði á bls. 73 kemur eftirfarandi fram: „Áætlanir eru um uppbyggingu tveggja vindorkuvera, í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima. Hafið er skipulagsferli vegna breytingar á aðalskipulagi í tengslum við það.“ Ekki er sett nánari stefna um þessi tilteknu orkuver í vinnslutillögunni, enda gert ráð fyrir að skipulagsbreytingarnar hafi tekið gildi áður en tillaga að heildarendurskoðun aðalskipulagsins verður auglýst. Ef skipulagsbreytingarnar hafa ekki tekið gildi þegar tillaga að heildarendurskoðun aðalskipulagsins er auglýst mun sveitarstjórn taka afstöðu til þess hvort fresta skuli skipulagi á því svæði sem um ræðir, í samráði við Skipulagsstofnun.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Fullyrða má að aldrei í sögu þessa svæðis sem skipulaginu er ætlað að ná til hafi verið sett fram jafn stórtæk og gróf iðnaðaráform sem munu valda jafn gríðarlega víðtækum og neikvæðum umhverfisáhrifum og að er stefnt. Landvernd vill engu að síður trúna að það sé ákveðin vilji til staðar og vill hrósa sveitarfélaginu fyrir þann vilja sem fram kemur í stefnu er lítur afmarkað að umhverfi, náttúru og markmiðum um sjálfbærni. Sem slík væri stefnan með ágætum ef ekki væri jafnhliða sett fram svo víðtæk og svört iðnaðarstefna með breytingu á landnýtingu úr landbúnaðarsvæði í iðnaðarsvæði í þágu orkuiðnaðar af því tagi sem gert er ráð fyrir í skipulaginu. Stefnunni / skipulaginu er ætlað að taka mið af hægætisstefnu Cittaslow sem er sannarlega einnig mjög metnaðarfullt verkefni sem varðar margvísleg gæðaviðmið er lúta að virðingu fyrir staðbundnum gæðum, staðaranda, umhverfis- náttúru- og minjavernd. Öll þessi metnaðarfullu markmið mega sín hinsvegar lítils þegar jafn risavöxnum iðnaðaráformum er stillt jafnhliða upp sem verða eitt helsta kennileiti sveitarfélagsins dragi sveitarstjórn ekki áformin til baka.	Í endurskoðun aðalskipulagsins er sett fram tillaga um að mótuð verði stefna um hvort og hvar kemur til álita að byggja upp orkuframleiðslu. Í þeirri stefnu verður tekið mið af leiðarljósi skipulagsins um m.a. hægætis stefnu Cittaslow og verndun náttúru, sögu og menningar, en einnig þörfum samfélagsins fyrir sjálfbæra orku. Eitt af markmiðum aðalskipulagsins um auðlindir er að kannaðir verði möguleikar á nýtingu vindorku og að þess skuli gætt að uppbygging vindorkuvera falli sem best að landslagi, lífríki og annarri landnotkun. Á bls. 35 segir einnig: „Dalabyggð mun leggja áherslu á að á skipulagstímabilinu verði mótuð stefna um hvar kemur til álita að reisa ný vindorkuver í sveitarfélaginu. Í þeirri stefnu verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Stefnan mun byggja á stefnu stjórnvalda um nýtingu vindorku þegar nánari stefnumótun á landsvísi liggur fyrir,27 svo og viðmiða í lögum og reglugerðum sem varða skipulagsmál með tilliti til vindorkuvera. Fyrir er þess getið að tvö vindorkuver eru í skipulagsferli í sveitarfélaginu



		og reiknað er með að því ferli ljúki óháð ofangreindri stefnumótun Dalabyggðar um vindorkuver.“ Komi til áforma um frekari orkuvinnslu, verða þau tekin til álita í samræmi við þá stefnu sem Dalabyggð hefur sett sér í nýju aðalskipulagi.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Í kafla 4.3. í umhverfismatsskýrslu segir: <i>„Í umhverfismatsskýrslu með vinnslutillögunni er lögð áhersla á samþættingu markmiða sem varðar náttúru, samfélag og innviði, þar segir að sérstaklega þurfi að huga að samræmi í stefnu um náttúruvá og öryggi, lífríki og landslagi og menningar- og búsetuminja við aðra hluta stefnunnar. Að einnig þurfi að huga sérstaklega að stefnu um auðlindir og atvinnuuppbyggingu en stefna um þessi viðfangsefni snerti flesta aðra þætti skipulagsins, ekki síst náttúru- og menningarminjar. Í aðalskipulaginu eru skilgreind sérstök verkefni sem varða skipulagsgerð og áskoranir til framtíðar sbr. auðlindir, atvinnu og breytingar á notkun landbúnaðarlands. Verkefnunum er ætlað að stuðla að skipulagslausnum eða verkfærum sem sveitarstjórn mun nýta til framtíðar til að stuðla að innbyrðis samræmi markmiða aðalskipulagsins.“</i> Ekki verður séð í vinnslutillögu að gerð sé tilraun til að sýna fram á hvernig sveitarfélagið hyggist vinna að samþættingu eða gæta samræmis í markmiðum þegar kemur að jafn gríðarstórri ákvörðun að breyta stórum landbúnaðarsvæðum, oft lítt röskuðum og óbyggðum og lítt snortnum heiðarlöndum í iðnaðarsvæði sem samræmast á engan hátt öðrum markmiðum skipulagsins sem sett eru fram. Áformuð vindorkuver munu hafa óafturkræf náttúruspjöll á landi í för með sér á heiðarlendum Dalabyggðar ásamt gríðarlega neikvæðri ásynðar- og hljóðmengun. Í skipulaginu er vísað á margvíslegan hátt til þeirra gæða sem svæðið inniheldur er varðar menningarlandslag, víðerni og upplifun náttúrugæða. Sýnt er að í þessum efnum er ekki hægt að setja fram trúverðuga stefnu þar sem ólík stefnumið eru ósamræmanleg.	Vísað er til tillagna að skipulagsbreytingu vegna orkuveranna að Hróðnýjarstöðum og á Sólheimum. Endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar hófst ári eftir að skipulagsferli aðalskipulagsbreytinga vindorkuveranna hófst. Ekki var gert ráð fyrir að skipulag vindorkuveranna yrði tekið með sem hluti af endurskoðuninni, enda var gert ráð fyrir að skipulagsbreytingar vegna orkuveranna hefðu tekið gildi áður en nýtt aðalskipulag tæki gildi. Ef skipulagsbreytingarnar hafa ekki tekið gildi þegar tillaga að heildarendurskoðun aðalskipulagsins er auglýst mun sveitarstjórn taka afstöðu til þess hvort fresta skuli skipulagi á því svæði sem um ræðir, í samráði við Skipulagsstofnun.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Segja má að útilokað sé að flagga jafn háleitum umhverfis- og gæða markmiðum eins og Cittaslow á sama tíma og sett eru fram risavaxin áform um uppbyggingu vindorkuvera sem sýnt er m.a. með skírskotun til upplifunar annarra þjóða að hafa haft dýrkeyptar afleiðingar fyrir heilu samfélögin sem ganga einmitt gróflega gegn þeim markmiðum sem er þó haldið hér fram að eigi að hlúa sérstaklega að. Það að sveitarfélagið leggi sérstaka áherslu á að varðveita sérkenni sem felast í landslagi og náttúru og menningarminjum og ætla á sama tíma að reisa vindorkuver í bakgarðinum mitt í þessum sérstæðu landslagsheildum sem á að vinna með hinni hendinni eru í miklu ósamræmi¹. Landvernd er ekki kunnugt að sveitarfélagið Dalabyggð hafi kynnt hinar neikvæðu hliðar vindorkuvera fyrir íbúum svo samræmis væri gætt í kynningu um kosti og galla.	Í endurskoðun aðalskipulagsins er sett fram tillaga um að mótuð verði stefna um hvort og hvar kemur til álita að byggja upp orkuframleiðslu. Í þeirri stefnu verður tekið mið af leiðarljósi skipulagsins um m.a. hæglætis stefnu Cittaslow og verndun náttúru, sögu og menningar, en einnig þörfum samfélagsins fyrir sjálfbæra orku. Eitt af markmiðum aðalskipulagsins um auðlindir er að kannaðir verði möguleikar á nýtingu vindorku og að þess skuli gætt að uppbygging vindorkuvera falli sem best að landslagi, lífríki og annarri landnotkun. Á bls. 35 segir einnig: „Dalabyggð mun leggja áherslu á að á skipulagstímabilinu verði mótuð stefna um hvar kemur til álita að reisa ný vindorkuver í sveitarfélaginu. Í þeirri stefnu verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Stefan



		mun byggja á stefnu stjórnvalda um nýtingu vindorku þegar nánari stefnumótun á landsvísi liggur fyrir, 27 svo og viðmiða í lögum og reglugerðum sem varða skipulagsmál með tilliti til vindorkuvera. Fyrir er þess getið að tvö vindorkuver eru í skipulagsferli í sveitarfélaginu og reiknað er með að því ferli ljúki óháð ofangreindri stefnumótun Dalabyggðar um vindorkuver.“ Komi til áforma um frekari orkuvinnslu, verða þau tekin til álita í samræmi við þá stefnu sem Dalabyggð hefur sett sér í nýju aðalskipulagi.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Hvergi í greinargerð er þó vikið að áhættu vegna lækkaðs fasteignaverðs heimila og jarða eða fasteigna á nærsvæði eða áhættumat sveitafélagsins vegna þessa. Í ljósi þess að hérlandis er enn sem komið er ekki hægt að sækja í viðmið til samanburðar vegna þess að ekki hafa verið reist vindorkuver, þá er gríðarlega mikilvægt að sveitarfélög og íbúar kynni sér hvernig mál hafa verið að þróast þar sem einhver reynsla er komin á vindorkuver. Það er því gríðarlega alvarlegt að taka blindar ákvarðanir um stórtækar skipulagsbreytingar þegar ekki er leitað bestu fáanlegra upplýsinga sem geta á móti haft mjög afdrifaríkar og neikvæðar afleiðingar fyrir íbúa á því svæði sem verið er að vinna nýtt skipulag um gjörbreytta sýn á uppbyggingu og landnotkun.	Vísað er til tillagna að skipulagsbreytingu vegna orkuveranna að Hróðnýjarstöðum og á Sólheimum, sem og umhverfismats framkvæmdanna. Í umhverfismati framkvæmdarinnar og skipulagsferlinu skal skv. lögum fjalla um áhrif framkvæmdarinnar á samfélagslega þætti eins og eignir og efnisleg verðmæti. Tillaga að matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum vindorkuversins að Hróðnýjarstöðum lá fyrir vorið 2019 og fyrir vindorkuverið á Sólheimum í ársbyrjun 2020. Umhverfismatsferlinu er ekki lokið og liggur álit Skipulagsstofnunar því ekki fyrir.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Í kafla 2.2. í greinargerð (Náttúra) segir: <i>„Eftirfarandi markmið eru lögð til grundvallar stefnu aðalskipulags Dalabyggðar um náttúru: Nýting náttúruauðlinda og hlunninda verði með sjálfbærum hætti þannig að við ákvarðanatöku verði tekið tillit til komandi kynslóða og náttúrunnar sjálfar.</i> • <i>Liffræðileg fjölbreytni verði viðhaldið í samræmi við lög um náttúruvernd.</i> • <i>Allir íbúar búi við heilnæmt umhverfi þar sem mengun verði undir ströngustu mörkum laga.</i> • <i>Skipulag landnýtingar verði hagað með tilliti til náttúruvár og loftslagsbreytinga.</i> • <i>Sérkenni náttúru verði varðveitt, þannig að íbúar og gestir geti notið þeirra gæða sem eru til staðar.</i> • <i>Landslagsheildir og fjölbreytileiki landslags verði varðveitt.</i> • <i>Stuðla að varðveislu náttúruminja og söguminja og annarra umhverfislegra gæða sem styrkja m.a. ferðapjónustu.</i> • <i>Standa vörð um vernd grunnvatns sem nytjavatns fyrir íbúa og fyrir atvinnustarfsemi.</i> • <i>Stuðla að gróðurvernd og landgræðslu og að landnýting verði í samræmi við landgæði og ástand lands.</i>“ Þau stefnumarkmið sem hér eru lögð hér til grundvallar í vinnslutillögu um náttúruvernd eru mjög góð og stjórn Landverndar vill hrósa Dalabyggð fyrir greinagóð og metnaðarfull markmið varðandi dýrmæta náttúru Dalanna. Því miður eru þessi markmið þó almennt ósamræmanleg stefnu sem fram kemur annars staðar í vinnslutillögunni sem varða stórkallaleg áform um	Endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar hófst ári eftir að skipulagsferli aðalskipulagsbreytinga vindorkuveranna hófst. Ekki var gert ráð fyrir að skipulag vindorkuveranna yrði tekið með sem hluti af endurskoðuninni, enda var gert ráð fyrir að skipulagsbreytingar vegna orkuveranna hefðu tekið gildi áður en nýtt aðalskipulag tæki gildi. Í vinnslutillögu að heildarendurskoðun aðalskipulagsins er því ekki fjallað sérstaklega um vindorkuverin að Hróðnýjarstöðum og á Sólheimum. Á skipulagsupprættinum eru iðnaðarsvæðin auðkennd sem svæði í skipulagsferli og í kafla 11.6 um iðnaðar- og athafnasvæði á bls. 73 kemur eftirfarandi fram: „Áætlanir eru um uppbyggingu tveggja vindorkuvera, í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima. Hafið er skipulagsferli vegna breytingar á aðalskipulagi í tengslum við það.“ Ekki er sett nánari stefna um þessi tilteknu orkuver í vinnslutillögunni, enda gert ráð fyrir að skipulagsbreytingarnar hafi tekið gildi áður en tillaga að heildarendurskoðun aðalskipulagsins verður auglýst. Ef skipulagsbreytingarnar hafa ekki tekið gildi þegar tillaga að heildarendurskoðun aðalskipulagsins er auglýst mun sveitarstjórn



	uppbyggingu iðnaðarsvæða og orkuvinnslu í óspilltri náttúru. Þau áform ganga þvert á öll meginmarkmið um umhverfis- og náttúruvernd í skipulaginu. Stefnumarkmið sem jafn mikil inngrip sbr. stefna um orkuver að Hróðnýjarstöðum og Sólheimum í Dalabyggð eru af þeirri stærðargráðu að öllu jafnvægi verður raskað á stórum óspilltum svæðum á kostnað umhverfis- náttúruverndar og upplifunar almennings í sveitarfélaginu sem og gesta.	taka afstöðu til þess hvort fresta skuli skipulagi á því svæði sem um ræðir, í samráði við Skipulagsstofnun.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	“Að allir íbúar skuli búa við heilnæmt umhverfi án mengunar við ströngustu mörk” er sannarlega mjög mikilvægt stefnumarkmið ef ekki væri um að ræða að áformuðum iðnaðarsvæðum í skipulagi fylgir mikil og margháttuð mengun og hún er ekki einvörðungu mengun í jarðvegi vegna örplasts og eiturefna heldur verður ásynðar mengun gríðarleg í lítt eða ósnortnu landslagi Dalabyggðar. Að sama skapi fylgir hljóðmengun og skuggaflókt sem eru vanmetnir áhrifaþættir, sömuleiðis hafa sterk blikkljós í toppi turns um nætur einnig mjög truflandi áhrif og er sannarlega ásynðar mengun sem íbúar gjarnan kvarta reglulega undan á vindorkusvæðum erlendis. Þá hlýst gríðarlegt ónæði og skerðing lífsgæða af byggingu vindorkuvera með umferð og við að reisa orkuverin.	Kallar ekki á viðbrögð
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Rannsóknir hafa leitt í ljós að örplastmengun frá vindorkuverum er stigvaxandi vandamál. Eins og með önnur neikvæð áhrif þá hafa vindorkufyrirtækin meðal annars látið hjá líða að kynna að gríðarstórir vindorkuspaðar innihalda trefjaplastagnir sem kvarnist úr brúnum spaðanna. Þessi plastefni sem dreifast í miklu magni út í náttúruna innihalda eiturefni á borð við PBA, en það er þrávirkt eiturefni sem safnist upp í náttúrunni og getur verið hættulegt bæði dýrum og mönnum³. Mengun frá sambærilegum vindorkuverum og stefnt er að samkvæmt vinnslutillögu að reisa í Dalabyggð er slík að áætlað er að hver og ein vindmylla dreifi um 62 kg af örplasti út í náttúruna á hverju ári og hugsanlega meira eftir veðuraðstæðum m.a. ísingu og örum veðurfarsbreytingum. Því er fyrirséð að gríðarlegt magn af smágerðum mjög menguðum úrgangi mun safnast upp eftir því sem árin líða á heiðarlendum Dalabyggðar og dreifast vítt yfir svæðið eftir vindum ekki síst ef svo færi að tvö stór iðnaðarsvæði uppi á heiðarlendum verða lögð undir marga tugi vindmylla af stærstu gerð. Vindorkufyrirtækin hafa haldið markvisst upplýsingum og staðreyndum um neikvæða áhrifaþætti orkuveranna frá sveitarfélögum og íbúum þeirra og haldið því fram að vindorkuver séu sjálfbær, endurnýjanleg og laus við flest umhverfisáhrif sem tengjast orkuvinnslu. Það getur verið rétt í tilfellum þar sem vindorkuver koma í stað kolabrennslu en í tilviki Íslands sem er stærsti raforkuframleiðandi heims m.v. íbúa⁴ og 80% orkunnar fer til stóriðju⁵ fer því hinsvegar víðsfjarri. Í raun má furðu sæta að hversu langt vindorkufyrirtæki hafa komist upp með afvegaleiðingu í kynningum sínum í sveitarfélaginu Dalabyggð eins og víðar um landið.	Tekið er undir að skoða þurfi mögulega mengunarþætti en að öðru leyti er vísað til umhverfismats framkvæmdarinnar.



Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Rétt er að hafa í huga óbein umhverfisáhrif vindorkuvera. Efni sem nýtt eru til að reisa vindmillur valda mengandi ágangi á náttúruna. Fyrir hvert MW í afli þarf um 132 tonn af stáli, 370 kg af áli, 10 tonn af kopar, 111 kg af nikkel, 6,7 tonn af blýi, 124 kg af neodymium og 22 kíló af dysprosím.	Væntanlega er hér um að ræða endurvinnanlega málma en að öðru leyti er vísað til umhverfismats framkvæmdarinnar.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Í vinnslutillögu er lögð áhersla á líffræðilega fjölbreytni verði viðhaldið í samræmi við lög um náttúruvernd. Í stefnu vinnslutillögunar liggur fyrir að með uppbyggingu iðnaðarsvæða á heiðarlendum sem innihalda fjölbreytta flóru og vistkerfi, þá verður mikið rask á vistkerfi svæðisins t.d. votlendissvæði sem óhjákvæmilega verður raskað í miklum mæli ef skipulagsáform ná fram að ganga. Þetta hlýtur að teljast í miklu ósamræmi við stefnumarkmið skipulagsins að öðru leyti sem lítur að virðingu fyrir náttúru- og lífríki og líffræðilegri fjölbreytni. Röskun á votlendi kostar að auki gríðarlega losun gróðurhúsalofttegunda og stór vatnasvið og vistkerfi þeirra verða fyrir óafturkræfu raski vegna jarðvegsskipta og flutninga. Þessi iðnaðarstarfsemi og framkvæmdir í óþökk náttúrunnar munu því að óbreyttu hafa keðjuverkandi neikvæð áhrif á heilstæð vatnasvið og vistkerfi á heiðarlendum Dalabyggðar.	Vísað er til umhverfismats framkvæmda og skipulagsferilsins og þeirra mótvægisáðgerða sem þar eru lagðar til. Unnið er að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda fyrir bæði vindorkuverin, en því ferli er ekki lokið. Í matsskýrslum er fjallað um mögulegar mótvægisáðgerðir og í áliti Skipulagsstofnunar verða einnig lagðar til mótvægisáðgerðir. Útgáfa framkvæmda- og starfsleyfa tekur mið af áliti Skipulagsstofnunar og þeim mótvægisáðgerðum sem þar eru lagðar til.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Votlendi gegna mikilvægu hlutverki við temprun vatnssveifla, það er þau draga úr áhrifum þurka og flóða. Ekki verður séð að áform í skipulagi um vernd grunnvatns og eða nýttjavatns sé tryggt samhliða stórtækum iðnaðaráformum þar sem votlendi verða framræst en jafnframt því hætt er við olímengun á framkvæmdatíma orkuveranna.	Vísað er til umhverfismats framkvæmda og skipulagsferilsins og þeirra mótvægisáðgerða sem þar eru lagðar til. Unnið er að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda fyrir bæði vindorkuverin, en því ferli er ekki lokið. Í matsskýrslum er fjallað um mögulegar mótvægisáðgerðir og í áliti Skipulagsstofnunar verða einnig lagðar til mótvægisáðgerðir. Útgáfa framkvæmda- og starfsleyfa tekur mið af áliti Skipulagsstofnunar og þeim mótvægisáðgerðum sem þar eru lagðar til.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Fuglalíf er sannarlega hluti af líffræðilegri fjölbreytni í náttúrunni. Til að viðhalda og tryggja að svo geti verið áfram þarf að huga sérstaklega að stöðu þeirra fugla sem kunna að vera á válista. Í þessum efnum ber Dalabyggð sérstaklega mikla ábyrgð á líffræðilegri fjölbreytni þar sem konungur íslenskra fugla, haförnninn er á válista og sveimar reglulega yfir þeim svæðum sem skipulag sveitarfélagsins gerir ráð fyrir vindorkuverum. Þrátt fyrir að Haförnin hafi verið friðaður frá því snemma á síðustu öld, voru eingöngu 80 hafarnarpör á landinu árið 2018 og af þeim verptu 63% við Breiðafjörð. Ábyrgð Dalabyggðar á hafarnarstofninum er því mikil. Vindorkuver í landi Sólheima yrði sérstök ögrun við hafarnarstofninn því þekkt er þessi farleið ungra hafarna sem flakka meira um en þeir eldri. Þessi farleið er nákvæmlega á svæði sem skipulag sveitarfélagsins gerir ráð fyrir vindorkuveri. Því hefði átt að útiloka þessar hugmyndir að orkuveri strax þó einvörðungu hefði verið gert á grunni þess að ógna ekki stofni hafarnarins. Tölulegar upplýsingar liggja fyrir í Noregi um umtalsverðan fjölda dauðra hafarna sem hafa	Vísað er til umhverfismats framkvæmda og skipulagsferilsins og þeirra mótvægisáðgerða sem þar eru lagðar til. Unnið er að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda fyrir bæði vindorkuverin, en því ferli er ekki lokið. Í matsskýrslum er fjallað um mögulegar mótvægisáðgerðir og í áliti Skipulagsstofnunar verða einnig lagðar til mótvægisáðgerðir. Útgáfa framkvæmda- og starfsleyfa tekur mið af áliti Skipulagsstofnunar og þeim mótvægisáðgerðum sem þar eru lagðar til.



	dreypist við það að fljúga á vindmylluspaða og ættu þær upplýsingar að vera sveitarfélaginu nægilegt tilefni til að snúa ofan af tillögu um áformuð vindorkuver7.	
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Að sama skapi hafa hafarnir reglulega sést á sveimi yfir landi Hróðnýjarstaða og nágrennis sem ætti að vera til frekari umhugsunar. Það er áhæðisvert að sveitarfélag sem vill þó að því er virðist með öðru orðinu varðveita líffræðilega fjölbreytni og halda í sérstöðu sína í skipulagstillögunni skuli ekki þá sýna sérstöðu sinni að þessu leyti meiri virðingu en svo að leggja til stórtækar skipulagsbreytingar fyrir starfsemi sem að ógnar hinum alfríðaða hafarnarstofni sem metin er í hættu. Að sama skapi er þekkt að ekki aðeins hundruðir hafarna hafa drepist á liðnum árum í Noregi af völdum vindorkuvera heldur er umtalsvert af öðrum fuglum sem drepast við það hvorutveggja að lenda í vindorkuspöðunum ellegar fljúga á turnana sjálfa sbr. rjúpan. Því má ætla að himbrimum og fleiri sjaldgæfum tegundum sem er að finna á svæðinu stafi ógn af áformuðum vindorkuverum.	Vísað er til umhverfismats framkvæmda og skipulagsferilsins og þeirra mótvægisáðgerða sem þar eru lagðar til. Unnið er að mati á umhverfisáhrifum framkvæmda fyrir bæði vindorkuverin, en því ferli er ekki lokið. Í matsskýrslum er fjallað um mögulegar mótvægisáðgerðir og í álit Skipulagsstofnunar verða einnig lagðar til mótvægisáðgerðir. Útgáfa framkvæmda- og starfsleyfa tekur mið af álit Skipulagsstofnunar og þeim mótvægisáðgerðum sem þar eru lagðar til.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Hér skal haldið til haga að sýnileiki vindorkuvera eftir fjarlægð frá framkvæmdasvæði hefur gríðarleg áhrif á einmitt landslagsheildir og víðerni: • Í allt að 16 km fjarlægð eru vindmyllur mjög áberandi og geta verið ráðandi í landslagi. • Í allt að 19 km fjarlægð eru vindmyllur áberandi. • Við 32 km fjarlægð má skilgreina mörk líklegs sýnileika vindmylla. • Í allt að 37 km fjarlægð eru vindmyllur líklegar til að geta sést. • Í allt að 39 km fjarlægð má sjá spaða hreyfast. • Í allt að 58 km fjarlægð geti vindmyllur verið sýnilegar með berum augum. Í sumum tilvikum getur þess verið krafist að flugöryggisljós séu sett á vindmyllur. Það eykur á sýnileika þeirra og sjónræn áhrif og hefur haft ein og sér svo víðtæk og neikvæð áhrif að heilu samfélög erlendis hafa mótmælt þeirri truflun sem þau valda. Þá eru hér ótalið skuggaflökt og hljóðmengun þar sem hver og einn þáttur hefur valdið margháttuðu vandamáli.	Kallar ekki á viðbrögð
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Það að taka jafn stórar lendur úr landbúnaðarnotkun og umbreyta í iðnaðarsvæði skýtur einnig skökku við þegar á sama tíma öðrum landbúnaðarsvæðum er gert að byggja upp í smáu mæli starfsemi sem þó má segja að sé miklu fremur í sátt við umhverfi- náttúru og samfélag og að í anda sjálfbærrar þróunar. Það skýtur því verulega skökku við að reynt sé að halda aftur af starfsemi t.d. í ferðaþjónustu til sveita á sama tíma og þykir við hæfi að taka mjög stór landbúnaðarsvæði undir grófa iðnaðarframleiðslu án frekari skilmála til þeirra landeigenda.	Athugasemdin varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Skipulagsbreyting vegna vindorkuveranna er ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar. Gert er ráð fyrir að skipulagsbreytingar vegna orkuveranna hafi tekið gildi áður en nýtt aðalskipulag verður auglýst.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Í kafla 2.2. um náttúruvernd eru settar fram áherslur að mæta loftslagsbreytingum og náttúruvá. Má ætla að teknu tilliti til stefnu í vinnslutillögu að sveitarfélagið telji það raunverulega samræmist markmiðum að breyta landbúnaðarsvæði yfir í iðnaðarsvæði með reisingu vindorkuvera, og að sú ráðstöfun sé ætlað að vera liður í viðbrögðum við loftslagsvá. Það kann að vera ef Ísland hefði ekki úr öðru en kolaverum að velja að vindorkuver kæmu til greina í baráttu við loftslagsbreytingar. Á Íslandi er ekki orkuskortur og um marga aðra	Athugasemdin varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Skipulagsbreyting vegna vindorkuveranna er ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar. Gert er ráð fyrir að skipulagsbreytingar vegna orkuveranna hafi tekið gildi áður en nýtt aðalskipulag verður auglýst.



	orkukosti og -sparnað að velja til að mæta orkubörf verði sýnt að frekari þörf verði á henni í framtíðinni8.	
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Ljóst er að við hverja framkvæmd er um gríðarlegt jarðrask og efnisflutninga að ræða þó misjafnt sé hverju sinni eftir staðhættum. Losunin frá slíkum framkvæmdum út í andrúmsloftið er ekki hægt að reikna með nákvæmni nema því aðeins að sérstakar rannsóknir hafi farið fram á jarðlögum. En losunin er að jafnaði mjög mikil og með öllu óvíst að hún verði endurheimt á framleiðslutíma viðkomandi virkjunar, sérstaklega þar sem um er að ræða framræslu votlendis eins og hér og þegar orkuvinnslan kemur ekki í stað annarrar sýnilegrar orkuvinnslu. Það að þessar framkvæmdir í Dalabyggð séu liður í að mæta loftslagsbreytingum stenst því enga skoðun sama frá hvaða sjónarhóli áformin eru skoðuð á þessu svæði. Halda má því fram með haldbærum rökum að stefna sveitarfélagsins sé raunverulega ávísun á fullkomlega óafturkræf náttúruspjöll sem eiga ekkert skylt við græna orkuframleiðslu. Það á eins við Dalabyggð og önnur sveitarfélög sem veðja blint á starfsemi af þessu tagi hér á landi.	Athugasemdin varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Skipulagsbreyting vegna vindorkuveranna er ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar. Gert er ráð fyrir að skipulagsbreytingar vegna orkuveranna hafi tekið gildi áður en nýtt aðalskipulag verður auglýst.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Það er mat stjórnar Landverndar að þróun byggðar og samfélags í sveitarfélaginu Dalabyggð standi alls ekki og falli með slíkum framkvæmdum og lagt er uppi með í vinnslutillögu að Hróðnýjarstöðum og Sólheimum. Að komast að slíki niðurstöðu er í trássi við öll önnur þau markmið sem sveitarfélagið hefur sett fram er varða ýmsa umhverfisvísa.	Athugasemdin varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Skipulagsbreyting vegna vindorkuveranna er ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar. Gert er ráð fyrir að skipulagsbreytingar vegna orkuveranna hafi tekið gildi áður en nýtt aðalskipulag verður auglýst.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Í greinargerð, skortir meðal annars verulega á að tíundað sé staðbundinn ávinningur, t.d. hversu mörg störf munu verða til í samfélaginu að loknum framkvæmdum. Aukin tímabundin samfélagsáhrif vegna framkvæmda eru helst tíunduð í tengslum við þarfir verktaka á þjónustu við þá á framkvæmdatíma. Að framkvæmdatíma loknum kemur ekkert haldbært fram sem styður við samfélag eða beinan ávinning sé um að ræða. Framleiðslan sjálf hefur heldur engin áhrif í þá átt að styrkja eða styðja við staðbundin verkefni því engin orkuskortur er á svæðinu.	Athugasemdin varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Skipulagsbreyting vegna vindorkuveranna er ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar. Gert er ráð fyrir að skipulagsbreytingar vegna orkuveranna hafi tekið gildi áður en nýtt aðalskipulag verður auglýst.
Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Það er þó enn einlæg von Landverndar að sveitarstjórn Dalabyggðar sjái sig um hönd, fari eftir eigin góðu og metnaðarfullu markmiðum og leiðarljósum sem fram koma í vinnslutillögunni, afstýri því slysi sem er í farvatninu og taki af sjálfsdáðum skipulagsáform vindorku af dagskrá. Sömuleiðis ætlast stjórn Landverndar til þess að Skipulagsstofnun að minnsta kosti mæli gegn þeim áformum sem sett hafa verið inn á skipulag Dalabyggðar án rökstuðnings og án þess að lög eða reglur hafi enn verið sett um þessa mengandi iðnaðarstarfsemi sem vindorkuver sannarlega eru.	Athugasemdin varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Skipulagsbreyting vegna vindorkuveranna er ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar. Gert er ráð fyrir að skipulagsbreytingar vegna orkuveranna hafi tekið gildi áður en nýtt aðalskipulag verður auglýst.



Landvernd Auður Önnu Magnúsdóttir	Markmið risavaxinna vindorkuvera að Hróðnýjarstöðum og Sólheimum við Breiðafjörð byggja á hæpnum forsendum þar sem landi og gríðarlega dýrmætu lífríki er ógnað ásamt því sem að fyrir liggur að mjög stór hluti samfélagsins, ekki síst nærsamfélagið, er mjög mótfallið þessum umdeildu áformum og inngripi í umhverfi, lífríki og samfélag Dalabyggðar.	Athugasemdin varðar ekki umfjöllun í heildarendurskoðun aðalskipulagsins. Skipulagsbreyting vegna vindorkuveranna er ekki hluti af heildarendurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar. Gert er ráð fyrir að skipulagsbreytingar vegna orkuveranna hafi tekið gildi áður en nýtt aðalskipulag verður auglýst.
Náttúrfræðistofnun Íslands Lovísa Ásbjörnsdóttir	Líkt og fram kemur í greinargerðinni þá eru umfangsmikil svæði í Dalabyggð þar sem finnast mikilvægar vistgerðir, m.a. votlendi og birkiskógar. Þá eru í Dalabyggð nokkur svæði sem tilnefnd hafa verið af Náttúrufræðistofnun á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða, fugla og sela og má þar nefna Breiðafjörð og Laxárdalsheiði. Í ljósi þess lýsir Náttúrufræðistofnun yfir þungum áhyggjum af áætlunum um uppbyggingu vindorkuvera innan sveitarfélagsins en annað verið yrði staðsett innan tilnefnds B-hluta svæðis á Laxárdalsheiði. Auk mikillar áflugshættu fyrir fugla (m.a. viðkvæmar tegundir eins og hafernir) þá er um að ræða stór landsvæði sem fara undir mannvirkin, að mestu votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Óbyggð svæði munu skerðast með tilkomu þeirra sem fellur ekki vel að eftirfarandi markmiðum sveitarfélagsins: • Markmið að viðhalda stórum samfelldum óbyggðum svæðum þar sem mannvirki eru fá og áhrifa mannsins gætir lítið. • Við framkvæmdir verði vernd sjónræns gildis og heildstæð mynd umhverfisins ávallt höfð að leiðarljósi. Þá munu framkvæmdirnar hafa í för með sér mikið búsvæðatap fyrir mófugla, m.a. vegna jaðaráhrifa sem lýsa sér þannig að þéttleiki margra tegunda er lægri næst ýmiskonar mannvirkjum en fjær og getur þessara áhrifa gætt langar vegalengdir.	Endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar hófst í ársbyrjun 2020 eða ári eftir að skipulagsferli aðalskipulagsbreytinga vindorkuveranna hófst. Ekki var gert ráð fyrir að skipulag vindorkuveranna yrði tekið með sem hluti af endurskoðuninni, enda yrðu skipulagsbreytingarnar þar með í tveimur samhliða málsmeðferðum. Einnig var gert ráð fyrir að skipulagsbreytingar vegna orkuveranna hefðu tekið gildi áður en nýtt aðalskipulag tæki gildi. Í vinnslutillögu að heildarendurskoðun aðalskipulagsins er því ekki fjallað sérstaklega um vindorkuverin að Hróðnýjarstöðum og á Sólheimum. Á skipulagsupprættinum eru iðnaðarsvæðin auðkennd sem svæði í skipulagsferli og í kafla 11.6 um iðnaðar- og athafnasvæði á bls. 73 kemur eftirfarandi fram: „Áætlanir eru um uppbyggingu tveggja vindorkuvera, í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima. Hafið er skipulagsferli vegna breytingar á aðalskipulagi í tengslum við það.“ Ekki er sett nánari stefna um þessi tilteknu orkuver í vinnslutillögunni, enda gert ráð fyrir að skipulagsbreytingarnar hafi tekið gildi áður en tillaga að heildarendurskoðun aðalskipulagsins verður auglýst. Ef skipulagsbreytingarnar hafa ekki tekið gildi þegar tillaga að heildarendurskoðun aðalskipulagsins er auglýst mun sveitarstjórn taka afstöðu til þess hvort fresta skuli skipulagi á því svæði sem um ræðir, í samráði við Skipulagsstofnun.
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Skipulagsstofnun minnir á ákvæði 4. mgr. 5. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun þar sem kveðið er á um að virkjunarkostir sem verndar- og orkunýtingaráætlun á að taka til skv. 3. mgr. 3. gr. og ekki hefur verið tekin afstaða til í gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun skulu lúta sömu reglum og virkjunarkostir í biðflokki áætlunarinnar. Því þarf að auðkenna fyrirhuguð vindorkuver sem iðnaðarsvæði og varúðarsvæði á skipulagsupprætti.	Endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar hófst ári eftir að skipulagsferli aðalskipulagsbreytinga vindorkuveranna hófst. Ekki var gert ráð fyrir að skipulag vindorkuveranna yrði tekið með sem hluti af endurskoðuninni, enda var gert ráð fyrir að skipulagsbreytingar vegna orkuveranna hefðu tekið gildi áður en nýtt aðalskipulag tæki gildi. Ef skipulagsbreytingar vegna vindorkuvera að Hróðnýjarstöðum og á Sólheimum hafa tekið gildi áður en illaga að heildarendurskoðun aðalskipulagsins er auglýst, verða breytingarnar færðar inn í



		skipulagstillöguna fyrir auglýsingu. Einnig verður tekin afstaða til þess hvort ástæða er til að auðkenna vindorkuverin sem varúðarsvæði á skipulagsupprætti.
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Setja þarf viðeigandi skipulagsákvæði fyrir vindorkuverin m.a. varðandi stærð landnotkunarreita, fjölda og heildarhæð vindmylla og framleiðslugetu þeirra.	Ef skipulagsbreytingar vegna vindorkuvera að Hróðnýjarstöðum og á Sólheimum hafa tekið gildi áður en illaga að heildarendurskoðun aðalskipulagsins er auglýst, verða breytingarnar færðar inn í skipulagstillöguna fyrir auglýsingu. Ef skipulagsbreytingarnar hafa ekki tekið gildi þegar tillagan er auglýst mun sveitarstjórn taka afstöðu til þess hvort fresta skuli skipulagi á því svæði sem um ræðir, í samráði við Skipulagsstofnun.
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Auk þess þarf að gera grein fyrir áhrifum af stefnunni s.s. á landslag og ásýnd, ferðaþjónustu og útivist m.a. með hliðsjón af ofangreindri stefnu um að viðhaldið skuli stórum samfelldum óbyggðum svæðum. Jafnframt verði gerð grein fyrir áhrifum af tengdum framkvæmdum m.a. efnistöku, vegagerð og tengingu vindorkuveranna við meginflutningskerfi raforku.	Endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar hófst í ársbyrjun 2020 eða ári eftir að skipulagsferli aðalskipulagsbreytinga vindorkuveranna hófst. Ekki var gert ráð fyrir að skipulag vindorkuveranna yrði tekið með sem hluti af endurskoðuninni, enda yrðu skipulagsbreytingarnar þar með í tveimur samhliða málsmeðferðum. Einnig var gert ráð fyrir að skipulagsbreytingar vegna orkuvera hefðu tekið gildi áður en nýtt aðalskipulag tæki gildi. Í vinnslutillögu að heildarendurskoðun aðalskipulagsins er því ekki fjallað sérstaklega um vindorkuverin að Hróðnýjarstöðum og á Sólheimum. Á skipulagsupprættinum eru iðnaðarsvæðin auðkennd sem svæði í skipulagsferli og í kafla 11.6 um iðnaðar- og athafnasvæði á bls. 73 kemur eftirfarandi fram: „Áætlanir eru um uppbyggingu tveggja vindorkuvera, í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima. Hafið er skipulagsferli vegna breytingar á aðalskipulagi í tengslum við það.“ Ekki er sett nánari stefna um þessi tilteknu orkuver í vinnslutillögunni, enda gert ráð fyrir að skipulagsbreytingarnar hafi tekið gildi áður en tillaga að heildarendurskoðun aðalskipulagsins verður auglýst. Ef skipulagsbreytingarnar hafa ekki tekið gildi þegar tillaga að heildarendurskoðun aðalskipulagsins er auglýst mun sveitarstjórn taka afstöðu til þess hvort fresta skuli skipulagi á því svæði sem um ræðir, í samráði við Skipulagsstofnun.
Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Í tillögunni á bls. 121 er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði (I7 og I8) fyrir vindorkuver í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsagnir vegna skipulagsbreytinganna 13. júní 2019.	Kallar ekki á viðbrögð



Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Á Laxárdalsheiði eru vel gróin heiðalönd og mikið af vötnum og öðru votlendi. 1 Að mati Umhverfisstofnunar mun virkjunin hafa áhrif á votlendi sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga og votlendisvistgerðir og því mikilvægt að tillagan taki tillit til ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga.	Vísað er til umhverfismats og breytingar á aðalskipulagi.
Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Í leiðbeiningariti Skipulagsstofnunar „ <i>Um skipulag og vindorkunýtingu</i> “ segir í allt að 16 km fjarlægð séu vindmyllur mjög áberandi og geti verið ráðandi í landslagi.“ ² Umhverfisstofnun bendir á að iðnaðarsvæði Hróðnýjarstaða er um 3 km frá frístundabyggð (F23) sem mikilvægt er að taka tillit til. Auk þess bendir stofnunin á að framkvæmdin geti haft áhrif á óbyggð víðerni.	Endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar hófst í ársbyrjun 2020 eða ári eftir að skipulagsferli aðalskipulagsbreytinga vindorkuveranna hófst. Ekki var gert ráð fyrir að skipulag vindorkuveranna yrði tekið með sem hluti af endurskoðuninni, enda yrðu skipulagsbreytingarnar þar með í tveimur samhliða málsmeðferðum. Einnig var gert ráð fyrir að skipulagsbreytingar vegna orkuveranna hefðu tekið gildi áður en nýtt aðalskipulag tæki gildi. Í vinnslutillögu að heildarendurskoðun aðalskipulagsins er því ekki fjallað sérstaklega um vindorkuverin að Hróðnýjarstöðum og á Sólheimum. Á skipulagsupprættinum eru iðnaðarsvæðin auðkennd sem svæði í skipulagsferli og í kafla 11.6 um iðnaðar- og athafnasvæði á bls. 73 kemur eftirfarandi fram: „Áætlanir eru um uppbyggingu tveggja vindorkuvera, í landi Hróðnýjarstaða og Sólheima. Hafið er skipulagsferli vegna breytingar á aðalskipulagi í tengslum við það.“ Ekki er sett nánari stefna um þessi tilteknu orkuver í vinnslutillögunni, enda gert ráð fyrir að skipulagsbreytingarnar hafi tekið gildi áður en tillaga að heildarendurskoðun aðalskipulagsins verður auglýst. Ef skipulagsbreytingarnar hafa ekki tekið gildi þegar tillaga að heildarendurskoðun aðalskipulagsins er auglýst mun sveitarstjórn taka afstöðu til þess hvort fresta skuli skipulagi á því svæði sem um ræðir, í samráði við Skipulagsstofnun.
Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Einnig vill stofnunin benda á að svæðið [fyrir vindorkuver] er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði 3 og er Laxárdalsheiði tilnefnt af Ní vegna fuglalífs á tillög að B-hluta náttúruuminjaskrár. 4	Vísað er til umhverfismats og breytingar á aðalskipulagi.
Þéttbýli		
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Í tengslum við stefnumörkun varðandi vöxt þéttbýlisins hvetur Skipulagsstofnun sveitarfélagið til að skoða hvort skilgreina ætti vaxtarmörk þéttbýlisins sem geta þá verið önnur og þrengri en afmörkun þéttbýlisins á skipulagsupprætti. Þannig gæti t.d. opið svæði til útivistar í jaðri byggðar verið talið hluti af þéttbýlinu en legið utan vaxtarmarka byggðarinnar, sbr. einnig kafli 3.2 í Landsskipulagsstefnu 2015-2026.	Vísað til greinargerðar Landsskipulagsstefnu um vöxt þéttbýlis smærri staða.



Greinargerð		
Skerðingsstaðir Jón Egill Jóhannsson	Byrjum á léttum ábendingum bls 33 virkjunarkostir tafla 6.1. Hvammsá á Fellsströnd, um hvaða Hvammsá er verið að tala? Veit ekki um neina Hvammsá í Dalasýslu nema Hvammsá í Hvammssveit.	Upplýsingarnar koma úr skýrslu um virkjunarkosti: Smávirkanir á Vesturlandi; Frumúttekt valkosta. Greinargerð er uppfærð þannig að heitið Fellsströnd er tekið út og í staðinn komi Hvammssveit.
Skerðingsstaðir Jón Egill Jóhannsson	Í hverfisverndarkafla er nefnt að vernda bakka Laxá, væri gott að hafa Laxá í Laxárdal. Nema að um sé að ræða Laxá í Hvammssveit. Var þetta kynnt fyrir landeigendum að þessari Laxá? Ef þetta er Laxá í Hvammssveit var allavega ekki talað við landeigendur á Skerðingsstöðum.	Bæta inn staðsetningu í greinargerð, þ.e. Laxá í Laxárdal. Um er að ræða óbreytta stefnu í eldra aðalskipulagi. Á kynningarfundum í Dalabúð þann 10. nóv. 2021 kom til álita að endurskoða verndina en ekki var vilji til að fella hana út.
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Huga þarf að því, eftir því sem við á, að sumt af því sem kemur fram í umfjöllun um útfærslu stefnu í köflum 3-15 í greinargerð ætti að rata inn í skipulagsákvæði fyrir viðkomandi landnotkunarflokka til að bæta skýrleika aðalskipulagsins og auðvelda framfylgd þess.	Tekið til skoðunar.
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Auðkenna þarf alla landnotkun sem sýnd er á uppdráttum með flákum, punktum og línunum, þ.m.t. óbyggð svæði, vegi, götur, stíga, veitur og helgunarsvæði með viðeigandi hætti á uppdrætti og í greinargerð.	Í vinnslu.
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Í sumum tilvikum vantar stærð landnotkunarreita.	Uppfærist.
Uppdráttur		
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Vatnsverndarsvæði verði sýnd með sama hætti á uppdrætti og í skýringum og auðkennd með viðeigandi hætti.	Uppfærist.
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Yfirfara þarf skýringar á skipulagsuppdrætti með hliðsjón af því hvaða landnotkunarflokkar eru afmarkaðir á uppdráttunum t.a.m. eru engin skógræktar- og landgræðslusvæði á uppdráttum en að mati Skipulagsstofnunar getur það komið til álita að skilgreina stærri svæði sem skógræktar- og landgræðslusvæði sbr. hér að framan.	Í vinnslu.
Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Ekki á við að sýna hringtorg á skipulagsuppdrætti.	Lagfæra í samræmi við ábendingu.



Skipulagsstofnun Guðrún Lára Sveinsdóttir	Skoða þarf hvort unnt sé að stækka mælikvarða á Sveitarfélagsuppdraetti sem er í mkv. 1:100.000	Til athugunar.
Annað		
Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar	Engar athugasemdir	Kallar ekki á viðbrögð
Isavia Karl Alvarsson	Isavia ohf hefur farið yfir vinnslutillöguna með hliðsjón af flugöryggislegum sjónarmiðum og gerir ekki athugasemd við hana.	Kallar ekki á viðbrögð
Vegagerðin Sigurður Friðgeir Friðriksson	Vegagerðin hefur yfirfarið vinnslutillögu, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar og gerir ekki athugasemd við hana, en bendir neðangreint	Kallar ekki á viðbrögð
Landgræðslan Davið Arnar Stefánsson	Landgræðslan gerir ekki athugasemdir við vinnslutillögu Aðalskipulags Dalabyggðar 2020-2032 en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.	Kallar ekki á viðbrögð
Náttúrfræðistofnun Íslands Lovísa Ásbjörnsdóttir	Náttúrfræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framangreinda vinnslutillögu en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.	Kallar ekki á viðbrögð
Umhverfistofnun Axel Benediktsson og Björn Stefánsson	Umhverfisstofnun óskar eftir því að tilkynning um auglýsingu sbr. 31. gr. skipulagslaga sé send stofnuninni sérstaklega og áskilur stofnunin sér rétt til að veita umsögn á auglýsingartíma.	Kallar ekki á viðbrögð